

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

NÓVEMBER 2014

11. tbl. 21. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Vinaviku í Hólabrekkuskóla lauk með kröfugöngu um hverfið á föstudeginum 7. nóvember en alþjóðlegur dagur gegn einelti er 8. nóvember. Starfsmenn, nemendur og leikskólabörn gengu saman um hverfið með kröfuspjöldin sem þau höfðu útbúið, mikill samhugur og vinátta einkenndi þennan dag. Við segjum NEI við einelti var yfirskrift kröfugöngunnar. Nánar er fjallað um vikavikuna á bls. 6. Mynd: Katrín K.

Lyfjaval

APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**
DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

Opið allan
sólarringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka



Iceland



Sveinsbakari
Hólagarði og
Arnarbakka

„Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

Allt sem skiptir máli um íbúðalán á landsbankinn.is/istuttumali

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Nautafillé

Verð áður 4.998 kr./kg.

Verð núna 3.998 kr./kg.

Nautainnræri

Verð áður 4.239 kr./kg.

Verð núna 3.179 kr./kg.

Nautasnitzel

Verð áður 3.179 kr./kg.

Verð núna 2.539 kr./kg.

Frábær tilboð

Nautagúllash

Verð áður 3.129 kr./kg.

Verð núna 2.299 kr./kg.

Papco

Jólaeldhúsrúllur

3 saman

398 kr.

Te & Kaffi

Jólakaffi & Baunir, 400 gr.

998 kr.

Myllu Lagtertur

Stórar 698 kr.

Minni 398 kr.

Kjörís Jóláispinnar, 10 stk

798 kr.



Þín verzlun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

11. tbl. 21. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Breiðholt en ekki Brooklyn



Hér má sjá þegar Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhjúpaði verkið Fýkur yfir hæðir eftir Ásmund við Seljakirkju. Fjöldi barna úr skólum í nágrenninu mættu á afhjúpunina

„Breiðholt á ekki að reyna að verða Brooklyn, Breiðholt á að vera Breiðholt,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík. Dagur lét þessi ummæli falla við vefritið Kjarnann en ritið hafði velt þeirri spurningu upp á vefsíðu sinni hvort Breiðholt gæti orðið eins konar Brooklyn Reykjavíkur. Með því var átt við hvort Breiðholt gæti haft sömu áhrif fyrir Reykjavík framtíðarinnar og Brooklyn hefur haft fyrir New York á undanförunum árum en Brooklyn er vel þekkt langt út fyrir raðir New York borgar og Bandaríkjanna einnig fyrir margbrotið mannlíf sköpunarkraft.

Í samtali sínu við Kjarnann

sagði Dagur Breiðholtíð magnað og gott hverfi og sú þróunin sem þar hafi orðið að undanförunum mjög áhugaverð fyrir borgina. Dagur taldi upp eitt og annað sem hann sagði styðja við skapandi Breiðholt. Hann nefndi FabLab sem er tæknivædd þrívíddarhönnun í Eddufelli, Nýlistasafnið í Völvufell, framúrskarandi listamenn sem fengnir hafa verið til að skreyta stærstu húsgafla borgarinnar. Einnig hafi verið komið á fót starfi sérstaks hverfisstjóra, efnitil verkefnis um sí- og endurmenntun, farið í geðræktaráttak og fleira. Dagur sagði einnig að á næstunni muni líkamsræktarstöð fara í byggingu við Austurberg auk þess sem ÍR og Leiknir hafi

verið að gera ótrúlega góða hluti og Leiknir muni spila í úrvalsdeild næsta sumar. Dagur sagði FB vera sterkan framhaldsskóli, ekki síst í listgreinum. Hann sagði ekkert skrytið að allt þetta leiði af sér þróun þar sem ungu og skapandi fólki fjölga. Dagur sagði íbúana í hverfinu vera svo sannarlega til í að efla jákvæða þróun í umhverfi sínu. Það hafi margsýnt sig og borgaryfirvöld hafi sérstakan metnað til þess að ýta undir og vinna betur með áhuga íbúana. Það verði á forsendum lífsgæðanna og sérstöðu Breiðholtsins en ekki að elta einhverja eina fyrirmynd.

„Breiðholt Renewal“ – bær í borginni

Breiðholtíð er fjölmennasti borgarhluti eða hverfi Reykjavíkur - telur liðlega 21 þúsund íbúa og er landfræðilega skýrt afmarkað frá öðrum byggðum borgarinnar og nærbyggða. Saga Breiðholtsins er sérstök. Upphaf hennar má rekja til átaks til þess að leysa húsnæðisvanda sem varð vegna mikilla búsetubreytinga um og eftir miðja síðustu öld. Við skipulag var þess gætt að byggðin yrði margbreytileg og að þjónusta gæti og ætti að vaxa og dafna við hlið íbúanna.

Fólk flutti í Breiðholtíð á skömmum tíma – einkum á áratugnum 1968 til 1978. Margir áttu þess kost að eignast sitt fyrsta húsnæði, margir í lengdust og margt afkomenda frumbyggja hefur kosið að búa áfram í því umhverfi þar sem þeir ólust upp og gengu námsbrautina. Fólk kom víða að. Sumt úr eldri borgarhverfum, annað utan af landi þar sem auðveldara var fyrir fólk að eignast húsnæði að ekki sé talað um að fá byggingarlóðir í þessum nýja en ört rísandi borgarhluta. Fljótlega fór fólk sem flust hefur frá öðrum löndum og heimshlutum að finna sér samastað í Breiðholtinu. Þar hefur með tímanum myndast öflugt fjölmenningsarsamfélag.

Ýmislegt gekk þó ekki eftir. Stórmarkaðavæðing í verslun dró þjónustuna burt – út fyrir hverfisráðmann svo nauðsynjar sem annað varð vart sótt með öðrum hætti en akstri einkabíla. Um tíma virtist einsleitni í mannlífi í ákveðnum hlutum byggðarinnar ætla að vera viðvarandi. Átti það rætur í skipulagsslysi sem varð þegar fjöldi félagslegra íbúða var komið fyrir á einum af útjöldum byggðarinnar. Þetta varð til þess að fólk og einkum fólk sem þekkti lítið til Breiðholtsins gerði sér neikvæða mynd af byggðinni og þá jafnan allri þeirri byggð sem kennd er við bæinn Breiðholt þótt tilefnið næði aðeins til nokkurra gatna. Nú löngu eftir að þetta tilefni er horfið vilja gömul sjónarmið skjóta upp kollinum, einkum í fjölmiðlum, en algerlega að tilefnislausu.

Í grein hér í blaðinu fjallar Nichole Ligt Mosti formaður hverfisráðs Breiðholts um möguleika Breiðholtsins. Hún vitnar til heimalands síns í vestri. Til heimaborgar sinnar - bílaborgarinnar fornu Detroit sem muna mátti fífil sinn fegurri en þróun hennar hefur nú verið snúin við með átaki sem kallast Urban Renewal eða borgarendurnýjun. Í greininni nefnir hún marga möguleika sem eiga að vera fyrir hendi í Breiðholti. Efla þurfi þjónustu í byggðinni og gera hana sjálfbærari. Breiðhyllingar eiga ekki að þurfa að sækja sjálfsgæða þjónustu og tækifæri til þess að hittast niður í miðbæ. Í 21 þúsund manni byggð er rúm fyrir þjónustu af ýmsu tagi. Margt hefur þegar verið gert og miklu fleira er enn hægt að gera. „Breiðholt Renewal“ er komið af stað en er alls ekki lokið. Breiðholtíð á að geta verið „bær í borginni“ með einkennum sínum og sérstöðu. Bær sem skiptist síðan í þrjú hverfi.

Sáttardagur í Seljaskóla



Poppað yfir eldi á skólalóðinni.

Hefðbundið skólastarf var brotið upp í Seljaskóla um daginn og unnu allir nemendur þess í stað saman að því að leysa ýmis verkefni í anda einkunnarorða skólans Samvinnu, ábyrgðar, trausts og tillitssemi. Skóladagurinn var óvenjulegur þar sem börn og unglingar voru að þúsla saman, poppa yfir eldi, smíða, búa til myndlistarverk og fara í ýmsa skemmtilega leiki.

Sáttardagur hefur verið haldinn

árlega í Seljaskóla nokkur undanfarin ár og varð hann til í framhaldi af því að PBS- hegðunarstjórnunarkerfið var tekið upp í skólanum. Þetta kerfi er mikilvægur hluti af skólamenningunni og er leitast við að búa nemendum námsumhverfi sem gerir æskilega hegðun árangursríkari og bætir lífsstíl þeirra og lífsgæði. Yfirskrift dagsins var „í sátt við umhverfið“ og var skólanum skipt upp í sex svæði sem hvert bar nafn einnar

heimsálfu. Í hverri heimsálfu voru fimm starfsstöðvar og skiptu nemendahópar um starfsstöð á 30 mínútna fresti. Öll verkefni kröfðust samstarfs og virkrar þátttöku nemenda án tillits til aldurs og var almenn ánægja í nemendahópnum með daginn þar sem svo sannarlega reyndi á gildi skólans; samvinnu, ábyrgð, traust og tillitssemi.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Ljósadýró Garðheima

100 LJÓSA
SAMTENGJANLEGAR
LED LJÓSASERÍUR
ALLIR LITIR

5.984KR

ÁÐUR: 7.480KR



SAMTENGJANLEGAR
EKKERT SNÚRUVÆSEN



GÓÐ REYNSLA VIÐ
ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



BARA EIN KLÓ

GARÐHEIMAR HAFA ÁRALANGA REYNSLU AF AÐ SELJA CONNECT-A-LIGHT
LJÓSASERÍUR OG ÞÆR HAFA REYNST TRAUSTAR VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR




UNDIRBÚÐU
AÐVENTUNA
TÍMANLEGA



TAKTU MYND MEÐ GARÐARI JÓLASVEIN
OG SETTU Á FACEBOOK VEGG GARÐHEIMA

BESTU MYNDIRNAR FÁ VERÐLAUN

SPÍRAN UM HELGINA
DANSKT SMÖRREBRÖÐ
AÐ HÆTTI HINRIKS



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is
Opið • 9 til 21 virka daga • 10 til 21 um helgar

VIÐTALIÐ

Frábær staður fyrir barnafjölskyldur

Davíð Stefán Guðmundsson framkvæmdastjóri Talenta spjallar við Breiðholtsblaðið að þess sinni. Hann er uppallinn í Seljahverfinu. Sonur Guðmundar Hallvarðssonar fyrrum alþingismanns og Hólmfríðar Óladóttur hárgreiðslumeistara eiginkonu hans. Kona Davíðs er Sigurrós Pétursdóttir yörustjóri Toyota og Lexus á Íslandi. Dætur þeirra eru Sandra Rós og Sóley María og sonurinn er Pétur Hrafn.

„Ég er fæddur í Reykjavík og bjó fyrstu árin í Fossvoginum. Fjölskyldan flutti í Seljahverfið 1977. Foreldrar mínir höfu að byggja þar 1976 og við fluttum inn um haustið árið eftir. Þá þótti Seljahverfið vera út til sveita eða upp til fjalla og hæða og einhver sendibílstjórinn sem var að flytja byggingarefni upp eftir sagði við pabba að hann væri heppinn að þurfa tæplega að stunda mikla garðvinnu því þarna myndi ekki vaxa stingandi strá. Þetta voru sjónarmiðin en þau hafa blesunarlega ekki gengið eftir og raunin orðið önnur. Mig minnir að það hafi verið sumarið 1992 sem Stuðlaselið fékk verðlaun Reykjavíkurborgar fyrir að vera gróðurælasta gatan í borginni. Ég átti mjög góð æskuár í þessum umhverfi þar sem góðar aðstæður, góður grunnskóli og síðan náttúra mótuðu umgjörð barnsins og unglingsins.“

Ævintýraheimur en svo kom Kópavogur

Davíð segir að árin áður en hverfið á móti – það er Kópavogshliðin byggðist upp hafi leynst heill ævintýraheimur handan við borgarmörkin sem oft hafi verið heimsóttur og stundum gerðar dagsferðir úr. „Framkvæmdasöm bæjaryfirvöld í Kópavogi umbyltu þessu og nú er þetta allt lagt undir byggð. En það fór eins fyrir manni og fólkinu sem horfði á Seljahverfið byggjast langt

frá sínum heimahögum að spyrja hver ætlaði að búa þar – þarna í Kópavoginum. Maður horfði á grófurarnar koma á svæðið og moldarhaugana hrúgast upp. Þá fann maður fyrir sömu tilfinningu og vörubílstjórinn lýsti.“

Nám og vinna

Svo taka viðfangsefni ungdómssáranna við. „Já - þau tóku við. Ég fór í Ólduselsskóla og skólagangan var mjög ánægjuleg enda aðstaða og menntun til fyrirmyndar. Menntaskólinn við Sund kom svo í framhaldi af því þaðan sem ég útskrifaðist af hagfræðibraut. Í efri deild grunnskóla kynntist ég Árna Samúelssyni bíóeiganda og sonum hans Alfreð og Birni og vann hjá þeim með skólanum, aðallega í Sambíóunum í Mjódd. Þar átti ég mörg farsæl ár og var m.a. annar af tveimur umsjónarmönnum í Kringlubíó. Ég var alveg í því í eitt ár en dreif mig þá áfram í skóla og varð Tækniháskólinn fyrir valinu. Þaðan lauk ég námi í iðnrekstrarfræði en tók síðan BS gráðu í alþjóðamarkaðsfræðum. Hluta af því námi tók ég í Antwerpen í Belgíu þar sem ég var eina önn. Eitt mest krefjandi verkefni í þeirri dvöl var heill kúrs í hollensku. Útskrift stóð eiginlega og féll með því hvort ég næði ekki grunnáfangi í hollensku svo ég varð að leggja mikið kapp á að reyna að skilja tungumálið og rækja mig aðeins í takt við heimamenn.“ Davíð segir tímamót hafa reynst vel en nokkur skólasystkin úr Tækniskólanum stunduð þarna nám á sama tíma. „Við kynntum okkar nánasta umhverfi eins og hægt var á framfærslu námsmanna og þetta var góður tími í leiðinni að koma sér til manns. Þessi dvöl var góð til þess að vikka sjóndeildarhringinn.“

Að koma sjónvarpi Símanum til viðskiptavina

Fljótlega eftir að Davíð kom



Davíð og Sigurrós komin í mark eftir að hafa hlaupið Berlínarmaraþonið.

heim frá námi hóf hann störf hjá Símanum. „Já – ég byrja hjá Símanum árið 2001. Ég fór þá að starfa á fyrirtækjasviði Símans og var hjá Símanum fram til 2006. Ég var meðal annars í því spennandi verkefni að yta sjónvarpi Símans úr vör. Það var mikill handaganur í öskjunni þegar Íslendingar voru að sjónvarpsvæðast í gegnum þessa nýju nálgun. Ég hætti síðan um tíma og fór að starfa hjá litlu hugbúnaðarfyrirtæki sem heitir Open Hand. Þar var ég í tvö ár og vann einkum að sölu- og markaðsmálum bæði hér heima, í Bretlandi og í Þýskalandi. Síðan fyrir tilviljun datt ég inn á jólaráðstefnu

Skýrslutæknifélagsins 2007. Þar hélt Sævar Freyr sem þá var forstjóri Símans erindi og fjallaði um hvert Síminn væri að stefna í fjarskipta- og upplýsingatæknimálum. Fannst mér það spennandi mál og úr því varð að ég snéri aftur til míns gamla fyrirtækis. Ég fór að starfa hjá deild sem hét Viðskiptaþróun og erlendir makaðir. Sú deild vann að viðskiptaþróun hér heima, í Bretlandi og í Danmörku. Í framhaldinu var með annan fótinn í Bretlandi um tíma.“ Árið 2009 tók Davíð við sem forstöðumaður fyrirtækjaþjónustu hjá Símanum og bættist síðan ábyrgð á vörubrúun fyrirtækjasviðs þar

við stuttu eftir. „Þetta var mjög spennandi tímabil og mikið um að vera. Í fyrrahaust urðu skipulagsbreytingar hjá Símanum sem leiddu til þess að ég sneri mér að spennandi sérverkefnum og stefnumótun. Í framhaldinu bauðst mér að leiða Talenta, dótturfélag Símans og sinni ég því áhugaverða verkefni í dag. Talenta er 13 manna fyrirtæki sem býr yfir mikilli sérfræðipækkingu á SAP viðskiptahugbúnaði. Flottur hópur sérfræðinga í ört vaxandi fyrirtæki, enda eru tækifærin mörg, jafnt á Íslandi sem erlendis.“

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

Tilkynnti að ég væri hættur í fótbolta

Davíð hefur lengi verið áhugamaður um íþróttir en segir afrekaskrá sína ekki í takt við áhugann. „Ég byrjaði á sínum tíma að æfa fótbolta með KR en það entist stutt, sumir vilja meina að það hafi verið vegna þess að ég æfði með KR en kannski var það meira í gríni en í alvöru. Ræturnar lágu til KR vegna þess að afi minn Óli B. Jónsson var þar lengi knattspyrnuþjálfari og því lá beinast við að senda mig vestur í bæ á æfingar. Stundum er sagt að ég geti verið mjög ákveðinn og einn daginn kom ég heim og lýsti því yfir að ég væri hættur í boltanum. Mér varð ekki þokað með þessa ákvörðun og hún stendur enn. Yngri dóttirin hefur tekið við keflinu hvað fótboltann snertir, en hún æfir með ÍR/Leiknir í 6. flokk. Það er til fyrirmyndar hversu öflugt íþróttastarfi er rekið hjá ÍR og forréttindi að hafa slíka starfssemi í hverfinu. Eldri dóttir okkar, hún Sandra er á kafi í fimleikum og æfir sex daga vikunnar með Gerplu. Þangað er stutt ganga frá Lambaselínu. Fimleikaáhugin kemur beint úr móðurleggnum, en Sigurrós konan mín er gömul fimleikakempa, kennir í dag og dæmir á mótum. Þessu til viðbótar þá situr hún í stjórn Gerplu. Íþróttir skapa stóran sess í okkar fjölskyldulífi. Við hjónin erum á þeirri skoðun að íþróttaiðkun hafi góð uppeldisáhrif með því að börn læri að trúá sjálf sig, styrkja andlega þáttinn og öðlast skipulagshæfni sem bæði nýtist í leik og starfi. Sú reynsla er gjöf sem endist alla ævi.“

Áhuginn snérist að hópíþróttum

Eftir fótboltann fór áhugi minn að beinast meira að einstaklingsíþróttum en hópíþróttum og ég hef prufað ýmislegt. Ég var mikið í líkamsræktinni með skólalagöngu þótt hlaupin hafa náð yfirhöndinni að undanförun. Einnig kenndi Óli B. afi minn mér golf sem ég stunda í dag, þó aldrei nógu mikið. Nú hefur Sigurrós konan mín smitast af hlaupabakteríunni. Við vorum að ljúka Berlínarmaraboni sem var fyrsta hlaupið sem við hlaupum saman og vonandi ekki það síðasta en áður var ég búinn að hlaupa New York marabonið. Ég hef einnig hlaupið Laugavegin í tvígang - ekki ofan frá Hlemmi og niður á Lækjartorg heldur þann lengri. Laugaveghlaupið er 55 kílómetra langt brólt yfir urðir, ár og grjót. Þetta er einstaklega fallegt umhverfi og maður fyllist tæpast meiri þjóðarrembingi en á Laugaveginum lengri. Einhvern veginn fær maður ekki nóga af þessari náttúruperlu og er ég ákveðinn í að



Davíð ásamt Söndru eldri dóttur sinni. Hann segir að Geysir hafi troðið sér inn á myndina.

fara þangað aftur og taka þátt í hlaupinu, vonandi með minn betri helming mér við hlið.“

Tók fimm ár að sannfæra konuna um Seljahverfið

Þau Davíð og Sigurrós byrjuðu búskap sinn í Grafarvogi en taugarnar hafi alltaf legið til Seljahverfisins. „Ég setti mér í einrúmi fimm ára plan að sannfæra konuna um að best væri að vera í Seljahverfinu en hún er ættuð úr því Efra - úr Fellahverfinu. En þrátt fyrir þessar rætur hennar þurfti ég að nota öll fimm árin til þess að sannfæra hana. Hún horfði meira til þess að vera farin úr Breiðholti. En svo duttum við niður á húsnæði í Lambaselínu þar sem við búum og þá tókst þetta ætlunarverk mitt loksins. Auðvelt var að sýna henni fram á að þarna væri komið umhverfi fyrir okkur til þess að takast á við framtíðina. Og við sjáum hvorugt eftir því. Ég hugsaði til gamla skólans míns Ölduselsskóla en Lambaselið er á umráðasvæði Seljaskóla. En það er eins með hann og Ölduselsskóla, fagmennskan er í fyrirrúmi og fólk hefur hana í sér fram í fingurgóma. Og þetta snýst ekki bara um skólann. Leikskólarnir eru frábærir - bæði

Jöklaborg og Seljaborg.“

Finn til skyldunnar gagnvart Seljahverfinu

Davíð segir að Seljahverfið hafi alltaf átt hug sinn. Sér hafi liði vel þar sem barni og ungling og engin breyting orðið þar á þótt fullorðinsárin hafi tekið við af hinni áhyggjulitlu æsku. „Ég hef veitt því athygli að þegar koma upp mál í hverfinu þá reynist maður tilbúinn að taka þátt í þeim. Eitt verkefnið sem ég blandaði mér í voru prestkosningarnar á liðnu sumri. Ég var í þessu verkefni með góðu fólki og við unnum fyrir séra Ólaf Jóhann Borgþórsson. Við Ólafur þekkjumst vel. Hann var búinn að starfa hér í hverfinu um tíma og hafði getið sér góðs orðs. Greinilegt var að fólk vildi hafa hann áfram og mikill vilji fyrir því að hann tæki við starfi sóknarprests þegar séra Valgeir hætti. Valnefnd var búinn að skila álitinu sínu og maður fann fyrir mikilli samstöðu í hverfinu með Ólafi. Að heyrta síðan að vinna ætti þvert á þann vilja fannst mér ekki geta orðið hverfinu eða íbúum þess til tekna. Þess vegna lagði ég hönd á plóg til þess að tryggja að vilji íbúa og mat valnefndar næði fram að ganga. Fór

svo að lokum að séra Ólafur fékk nánast einróma kosningu þar sem fjölmennur hópur íbúa Seljahverfis kaus sér sóknarprest.“

Eitt vanmetnasta hverfið

Davíð finnst Seljahverfið vera eitt vanmetnasta hverfið í Reykjavík. Sér komi á óvart að sjá samanburð á fasteignaverði og hversu lágt það er í samanburði við aðrar byggðir. „Það hefur vissulega kosti vegna þess að það gerir hverfið aðgengilegra og flýtir því að ungt fólk komi þangað með fjölskyldur sínar. Ég finn vel fyrir þessari endurnýjun. Hún er orðin að veruleika sem gerir það að verkum að grunnstöðir á borð við leikskóla og skóla nýstast vel. Nú er ég til dæmis farinn að rekast á gamla skólafélaga sem eru búnir að koma sér fyrir í Seljahverfinu sem mér finnst mjög ánægjulegt.“

Meira en eitt hverfi

Davíð bendir á að Breiðholtið sé í raun meira en eitt hverfi. „Við erum með hverfishluta sem eru mismunandi og hver hluti hefur

sín séreinkenni. Og ég held að gera megi meira í því að draga séreinkenni hvers um sig meira fram í umræðunni. Ég held einnig að við eigum ekki að tala um Breiðholtið sem eina heild þótt þar megi finna heildareinkenni innan þessa stóra hrings sem markar það öðru umhverfi og byggðum. Það eru rúmlega átta þúsund íbúar í Seljahverfinu einu, en menningarlegur bakgrunnur er fjölbreytilegur líkt og þjóðerni. Ég fann vel til samstöðunnar þegar ég vann að prestkosningunni í sumar og hvernig fólk kom saman undir þeim formerkjum. Ég held að gaman gæti verið að fólk komi saman af öðrum tilefni sem ef til vill myndi höfða til stærri hóps. Hér býr fólk komið úr ýmsum áttum, af ýmsum þjóðernum og úr mismunandi menningarheimum sem geta farið vel saman. Tilefnið þarf ekki að vera ærið, óháð skoðunum fólks þá erum við öll félagsverur og flestir hafa áhuga á að kynnast nágroñnum og hverfi sínu betur. Seljahverfið er frábær staður fyrir barnafjölskyldur og stutt í alla afþreyingu - hér líður okkur vel.“

Við bjóðum nýjan starfsmann velkomin til starfa Emý Guðgeirsdóttir.

Dagana 24. - 28. nóv. bjóðum við 15% afsl af barnaklippingum.

Og fram að jólum er 10% afsl. af nýju Oil Wonders frá Matrix.



Emý Guðgeirsd hefur hafið störf hjá okkur á Klipp-Art Hólagarði. Emý hefur starfað í hárgreiðslu yfir 30 ár. Rak Design Hárstudíó á Akureyri í 10 ár og það á undan með rekstur í Vestmanneyjum.

Tímappantannir í síma 557-2653.

Verið hjartanlega velkomin

KLIPP-ART
H Á R G R E I Ð S L U S T O F A N

Hólagarði • Lóuhólum 2-4

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Vorum að taka upp nýja sendingu af FROZEN fatnaði.

Mikið úrval leikfanga og fatnaðar.

Jólagjöfin fyrir yngri fólkið fæst hjá okkur.



Álfabakka 12 (göngugötunni í Mjódd)
Sími: 571 9559

Endurbókun í Gerðubergi

Endurbókun er heiti sýningar á bókverkum sem nú stendur yfir í Gerðubergi. Sjö listakonur, sem allar eru meðlimir í listakvannahópnum Arkir, sýna þar fjölbreytt bókverk unnin úr gömlum bókum undir yfirskriftinni Endurbókunni. Sýningin var opnuð laugardaginn 1. nóvember sl.

Bókverk er samheiti yfir listaverk sem tengjast á einhvern hátt bókinni sem formi og hugtaki. Fjölbreytni bókverka er óendanleg enda hugmyndadflug listamannsins eina takmörkunin. Bókverk geta verið fjölfölduð eða einstæð, aðeins til í einu eintaki, með augljósu yfirbragði handverksins eins og mörg verkanna á sýningunni Endurbókun. Aðferðirnar sem notaðar eru við sköpunina eru margvíslegar; pappírsmál, klippitækni og skurður, textílaðferðir, málun og teikning og þrykkaðferðir svo nokkuð sé nefnt.

Listakonurnar Anna Snædís Sigmarsdóttir, Arnþrúður Ösp Karlsdóttir, Aslaug Jónsdóttir, Ingiríður Óðinsdóttir, Svanborg Matthíasdóttir, Sigurborg Stefánsdóttir og Kristín Þóra Guðbjartsdóttir og eiga öll verk á sýningunni það sameiginlegt að vera



unnin úr gömlum bókum. Flestar bækurnar voru fengnar hjá Gerðubergssafni en bókasöfn afskrifaða árlega nokkurn fjölda bóka til frekari útlána. Þessar gömlu bækur, sem lokið hafa hlutverki sínu, hafa öðlast nýtt líf í einstæðum listaverkum. Listakvannahópurinn ARKIR hittist reglulega til að bera saman bækur sínar en meðlimir hafa um margra ára skeið stundað bókverkagerð af ýmsum toga. Listakonurnar sinna öllu jafna fjölbreyttri listsköpun á sviði málara- og grafiklistar, textíllistar, ritlistar, myndlýsinga og hönnunar en eiga það sameiginlegt að hrífast af bókverkum. Sýningin stendur til 11. janúar 2015 og er opin virka daga frá 8 til 18 og frá 13 til 16 um helgar. Sýningarstjóri er Kristín Þóra Guðbjartsdóttir.

Talin þörf á 985 fm. viðbyggingu við Breiðholtsskóla

Talin er knýjandi þörf á viðbyggingu og ýmsum endurbótum við Breiðholtsskóla en húsnæði skólans er nú 45 ára gamalt. Talið er að þær endurbætur sem nauðsynlegar eru kosti um eða yfir einn milljarð króna. Í bréfi sem foreldrafélag skólans hefur sent borgaryfirvöldum er óskað eftir upplýsingum um stöðu framkvæmda við skólann en félagið hefur til margra ára barist fyrir bættir aðstöðu skólans.

Í bréfinu kemur meðal annars fram að borgarráð hafi samþykkt að láta fara fram úttekt á viðbyggingar- og viðhaldsþörf skólans auk endurgerðar skólalóðar. Skipaður var vinnuhópur til að annast það verkefni og skilaði hann skýrslu í nóvember fyrir ári. Helstu niðurstöður hans eru að byggja þurfi allt að 985 viðbyggingu við skólann og að ráðast í endurbætur á um tæplega 1.300 fermetra húsnæði sem fyrir er. Hópurinn lagði til að tillaga um viðbyggingu verði tekin til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015.



Anna Sif Jónsdóttir formaður foreldrafélags Breiðholtsskóla.

Engar fyrirætlanir um byggingu

Í niðurstöðum vinnuhópsins er svokölluð frumkostnaðaráætlun en hún er miðuð við verðlag í nóvember árið 2013. Gert er ráð fyrir að viðbygging kosti um 453 milljónir króna, endurbætur á eldra húsnæði um 300 milljónir, endurnýjum lóðar um 148

milljónir og búnaður í núverandi húsnæði um 47 milljónir. Viðhaldsþörf á núverandi húsnæði er metin á 260 milljónir króna. Allar framkvæmdir sem hópurinn leggur til muni því kosta rúma 1200 milljónir á verðlagi síðasta árs. Í ár var varið á bilinu 150 til 200 milljónum í framkvæmdir við skólann. Þeim var einkum varið í viðgerðir utanhúss, lagfæringu lóðar, raflagna auk þess sem skipt var um lélegasta búnað skólans. Foreldrafélag Breiðholtsskóla hefur þrýst á um að gerð verði tímaáætlun um framkvæmdir við skólann en í bréfi félagsins til borgaryfirvalda kemur fram að stjórn foreldrafélagsins hafi fengið þau skilaboð frá embættismönnum borgarinnar að engar fyrirætlanir séu um að byggja við skólann. Anna Sif Jónsdóttir formaður foreldrafélags skólans segir að námsumhverfi nemandanna hafi lagast talsvert við þær framkvæmdir sem unnar voru á liðnu sumri en margt sé eftir að gera til þess að skólinn samrýmist nútíma skólum og sérstaklega hvað varðar vinnuumhverfi starfsmanna.

Dagur gegn einelti í Hólabrekkuskóla



Dagur gegn einelti er réttnefni á þessari mynd sem tekin var í vinavíku í Hólabrekkuskóla en Dagur B. Eggertsson borgarstjóri heimsótti skólann í tilefni vikunnar og tók á móti undirskriftarlistum sem legið höfðu frammi í fyrirtækjunum í nærsamfélagi skólans þar sem viðskiptavinir voru hvattir til þess að taka skýra afstöðu gegn einelti. Mynd: Katrín K.

Vinavíka var í haldin í Hólabrekkuskóla dagana 3. til 7. nóvember sl. Unnið var markvisst með vináttuna og nærsamfélagið fengið til liðs við baráttuna gegn einelti. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, heimsótti skólann við þetta tilefni og tók við samfélagssáttmála með undirskriftum úr nærsamfélaginu.

Hvert barn í skólanum á stóran eða lítinn vin út alla skólagönguna. Árgangar eru paraðir saman og eru til að mynda 1. og 6. bekkur vinir, 2. og 7. bekkur, 3. og 8. bekkur, 4. og 9. bekkur og að lokum 5. og 10. bekkur. Skólavinir koma saman við ýmis tækifæri en eru fyrst og fremst stuðningur hvert við annað. Allir nemendur fá því að upplifa það að vera bæði stór og lítill vinur á skólagöngunni. Nemendur Hólabrekkuskóla hafa farið með skólavinum sínum til fyrirtækja og stofnanna í hverfinu og beðið forsvarsmenn þeir-

ra að leggja sér lið í baráttunni gegn einelti. Undirskriftarlistar hafa legið frammi í fyrirtækjunum í nærsamfélagi skólans þar sem viðskiptavinir eru hvattir til þess að taka skýra afstöðu gegn einelti. Fimmudaginn 6. nóvember sóttu nemendur undirskriftalistana aftur til fyrirtækjanna því á morguninn tók Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur á móti undirskriftarlistunum í hátíðarsal skólans. Ýmsar útgáfur af samfélagssáttmála voru hengd upp á vegg skólans þar sem nemendur höfðu unnið saman á öllum skólastigum. Vikunni lauk með kröfugöngu um hverfið á föstudeginum 7. nóvember en alþjóðlegur dagur gegn einelti er 8. nóvember. Starfsmenn, nemendur og leikskólabörn gengu saman um hverfið með kröfuspjöldin sem þau höfðu útbúið, mikill samhugur og vinátta einkenndi þennan dag. Við segjum NEI við einelti.

Fær Grænfánann í þriðja sinn

Seljaskóli fær Grænfánann í þriðja sinn. Þetta er árangur markviss umhverfisstarfs sem fer fram í skólanum og viðurkenning á þeirri vinnu sem nemendur og starfsfólk leggja af mörkum til að bæta og efla umhverfismál innan skólans og í nærsamfélaginu.

Gerður Magnúsdóttir hjá Landvernd afhenti Seljaskóla grænfánann við hátíðlega athöfn að viðstöddum öllum nemendum og starfsmönnum skólans. Lúðraflokkur Seljaskóla flutti Grænfánamarsinn, skólastjóri flutti ávarp og skóla-söngurinn var sunginn. Að því loknu var gengið fylktu liði út á skólalóð og grænfáninn dreginn að hún við mikinn fögnuð viðstaddra. Seljaskóli hefur tekið þátt í verkefninu Skólar á grænni grein frá árinu 2001.



Stoltir nemendur í Seljaskóla með grænfánann.

Óska eftir rað/parhúsi við Hóla- eða Hamraberg fyrir ákveðna kaupendur STRAX.

Uppl. í síma 630 9000 eða heimir@hofuðborg.is



Heimir Bergmann
sölufulltrúi



Albert Bjarni Úlfarsson
löggitur fasteignasali



Höfuðborg fasteignasala • Hlíðsmára 2, 6. hæð • 201 Kópavogur

Tvö listaverk Ásmundar afhjúpuð í Seljahverfi

Listaverkin *Móðir mín í kví, kví* og *Fýkur yfir hæðir* eftir Ásmund Sveinsson voru afhjúpuð við Seljatjörn og Seljakirkju 7. nóvember sl. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhjúpaði verkin en þetta eru fyrstu útilistaverkin sem Reykjavíkurborg lætur setja upp í Seljahverfi. Viðburðurinn hófst við Seljatjörn þar sem borgarstjóri afhjúpaði verkið *Móðir mín í kví, kví*. Þaðan var farið í skruðgöngu að Seljakirkju þar sem borgarstjóri afhjúpaði verkið *Fýkur yfir hæðir*.

Á sama tíma var opnuð sýning á listaverkum barna í fjórða bekk Seljaskóla í Seljakirkju.

Þema þeirrar sýningar eru þjóðsögur og verk Ásmundar Sveinssonar en sýningin er unnin undir handleiðslu kennara í Seljaskóla og í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og Bókmenntaborgina. Öll börn í þriðja, fjórða og fimmta bekk Seljaskóla tóku þátt í viðburðinum. Á sýningunni eru sýndar klippimyndir með tilvísun í Krummasögur, myndasögur með tilvísun í þjóðsöguna um Bakkabræður og leirverk sem hafa vísun til álfasagna. Alls tóku 60 börn þátt í verkefnum en þau hafa jafnframt sótt sér efnivið í verk Ásmundar Sveinssonar. Þau fengu leiðsögn í Ásmundarsafni um verk Ásmundar og unnu leirverk í safninu.

Beintengt þjóðsögunni

Ásmundur Sveinsson sótti sér víða efnivið í verk sín. Hann notaði meðal annars íslenskar þjóðsögur sem innblástur. Verkið *Móðir mín í kví kví* á rót í þjóðsögu um móður sem átti að



Verk Ásmundar Sveinssonar *Fýkur yfir hæðir* sýnir móður skýla barni í fangi sér.

hafa borið barn sitt út sem ekki var ótítt um fyrr á öldum. Þjóðsagan er á þá leið að einu sinni á málum hafi kona þessi verið að mjólka ær í kvíum með öðrum kvenmanni. Hún þótti nokkuð gilsgjörn og á meðan mjóltunum stóð var hún að fást um það við hina mjaltakonuna að sig vantaði fót að vera í á vikivakanum eða þeirrar tíðar dansleik sem átti að halda. En í því hún sleppir orðinu heyra þær þessa vísu kveðna undir kvíaveggnum.

*Móðir mín í kví, kví,
kvíddu ekki því, því;
ég skal ljá þér duluna mína
að dansa í
og dansa í.*

Móðir mín í kví kví er beintengt við sjálfa þjóðsöguna en verkið sýnir barnið birtast móður sinni og þjóða henni „dulu til að dansa í“.

Fýkur yfir hæðir eru upphafsorð á ljóði Jónasar Hallgrímssonar *Móðurást* sem fjallar um konu sem fraus í hel í illvirði við að skýla barni sínu Ásmundur mótaði verkið þegar hann bjó og starfaði á Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi á árunum 1931 til 1933. Um þessa fallegu en jafnframt átakanlegu mynd sagði Ásmundur: „Ég gerði hana í Laugarnesi. Það var bylur úti og mér datt í hug að gera mynd af konu sem reynir að vernda barnið sitt. Lítil strákur kom svo til mín síðar, sá skissuna og segir: „Ég



Móðir mín í kví kví. Barnið býður konunni duluna til að dansa í.

veit hvað þessi mynd heitir.“ „Og hvað heitir hún?“ sagði ég?“ „*Fýkur yfir hæðir*“, sagði stráksi.“ Fyrsta erindi ljóðs Jónasar hljóðar þannig.

Fýkur yfir hæðir og frostkaldan mel, í fjallinu dunar, en komið er él, snjóskýin hjóta svo ótt og ótt; auganu hverfur um heldimma nótt vegur á klakanum kalda.

NOKIAN
TYRES

MAX1 &
BLEIKA
SLAUFAN



Fáðu 20% afslátt af NOKIAN dekkjum og styrktu Bleiku slaufuna um leið

Veldu margverðlaunuð finnsk gæðadekk sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða.

MAX1 býður 20% afslátt af hágæða Nokian dekkjum út nóvember og hluti söluagóða rennur til Krabbameinsfélagsins.

- ✓ ein öruggustu dekk sem völ er á
- ✓ ítrekað valin bestu dekkinn í gæðakönnunum
- ✓ breitt úrval nagla-, vetrar- og heilsársdekkja
- ✓ eigum dekk fyrir fólksbíla, jeppa og sendibíla

Eru dekkinn þín lögleg?
Kynntu þér nýja reglugerð
um mynsturskýpt á MAX1.is

Fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum MAX1. Skoðu dekkjaleitarvélina á MAX1.is

Bíldshöfða 5a, Rvk
Jafnaseli 6, Rvk
Dalshrauni 5, Hfj
Knarrarvogi 2, Rvk (ath. ekki dekkjajónusta)

Aðalsímanúmer
515 7190

Opnunartími:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga: sjá MAX1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



Sogavegi við Réttarholtsveg
Opnið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Stígvél á alla
fjölskylduna



STÍGVÉLABÚÐIN
NOKIAN
FOOTWEAR

Álfabakka 14a í Mjódd • 109 Reykjavík • Sími: 527 1519

Tækifæri Breiðholts

Ég er nýkomin heim í Breiðholtið, elsku besta Breiðholt, frá Detroit Michigan sem er mín heimaborg. Munið þið eftir því að fyrir tæplega ári síðan var Detroit skilgreind sem tæknilega gjaldþrota, ghetto og jafnvel verst staður sem maður gat hugsað sér að búa á. Í dag er allt annar blær og borgin er að lifna við, möguleikar og þróun liggja fyrir í hverju horni. Það er vegna nokkurs sem heitir "Urban Renewal."

Af hverju ætti formaður hverfisráðs í Breiðholti að tala um þróun í Detroit þegar hann á að einblína á Breiðholt? Vegna þess að hann hefur tröllatrú á "Urban renewal" og sér ýmis tækifæri og marga möguleika til þróunar hér í okkar hverfi. Fyrir þá sem þekkja ekki endilega hugmyndafræðina á bakvið "Urban renewal" þá er það ferli þar sem fjölmenn hverfi, bæði í borginni og í úthverfum sem eru í rauninni tekin í gegn og endurnýjuð. Slík endurnýjun inniheldur flutning fyrirtekja, niðurrif bygginga í niðurníðslu, fólksflutninga, og verkefni á vegum borgaryfirvalda sem tengjast bæði innri þjónustu og skipulagi hverfisins. Í gegnum tíðina hefur slík endurnýjun oftast verið eingöngu í höndum yfirvaldsins. Það hefur skilað misjafnlega góðum árangri, enda jafnvel bara með minniháttar útlitsbreytingum eða skiptingu á íbúum hvað varðar félagslega samsetningu hverfisbúa það er að segja út með fólk sem hefur lítið á milli handanna og inn með fólk með mikið á milli handanna.

Verðum "hip og kúl" svæði

Hér koma nokkur góð dæmi um slíka endurnýjun sem hefur heppnast vel í gegnum tíðina; Central Park í New York, Temple Bar í Dublin á Írlandi, Barcelona í kringum og meðfram vatninu, þar má nefna að Bilboa reis sem hluti af endurnýjun, Brooklyn New York, Hyde Park í Chicago, Melbournehöfnin í Ástralíu, Docklands og Brixton í London. Ég er ekki að reyna að líkja Breiðholti saman við borgir eins og New York eða London. Við vitum að við erum c.a. 21.000 íbúar og að Breiðholt er alls ekki í samskonar niðurníðslu, hér er ekki þörf á sömu endurnýjun og uppbyggingu. Samt er það staðreynd að við sem höfum búið hér lengi höfum lifað með neikvæðum og óréttlátum stimpli á hverfinu okkar. Öll ofantalin dæmi fóru frá því að bera þennan sama stimpil yfir í að vera "hip og kúl." Fólk sækist eftir því að dvelja og eyða deginum þar. Nú er okkar tími kominn, við ætlum að vera "hip og kúl" svæði. Það er að mínu mati fáránlegt að sjá fasteignaverð hér í hverfinu miðað við önnur hverfi í Reykjavíkurborg. Ég meina, hver vill ekki búa, sem dæmi, í brekkunni sem horfir yfir

Esjuna og með Elliðaárdalinn rétt fyrir utan dyrnar? Hvað með gamlárskvöld, ég held að allir myndu vilja horfa yfir borgina af 7.hæð í Dúfnahólum.

Auð hús bíða eftir að flutt verði inn

Í þeim tilfellum þar sem slík endurnýjun tókst vel, var þróunin samblönduð af borgaryfirvöldum, fjárfestum frá utanaðkomandi einkaaðilum, í bæði stórum og litlum fyrirtækjum og virkni hjá íbúum sjálfum. Þar tel ég vera lykiltækifæri hér í Breiðholti, við sem búum hér eru mjög stolt að búa og vinna hér og við eigum að taka af skarið með þátttöku í að búa til betra Breiðholt. Við eigum að huga að samstarfi með Reykjavíkurborg og fólki með peninga í einkageiranum til þess að fjárfesta í okkar hugmyndum fyrir hverfið. Það er mikil menning hér, jafnvel er mesta fjölmenn á landinu nú þegar til staðar í Breiðholti. Það standa auð húsnaði sem bíða eftir að einhver lítill fyrirtæki opni starfsemi þar. Fyrirtæki eins og "beint frá bónda" búð, lítill kaffihús, barnafataverslun, tæveitingahús, rússnesk te hús og svo má lengi telja. Íbúar í Breiðholti eiga rétt á að taka stóran þátt í að móta hverfið og hafa áhrif á hversu "hip og kúl" Breiðholtið á eftir að verða.

Tillögur um forgangs-röðun framkvæmda

Aftur að formanni hverfisráðs og hvað það er sem ég get gert eða jafnvel ber skyldu til að sinna þegar það kemur að slíku "Urban Renewal" í Breiðholti. Samkvæmt lýsingu á embættinu sem ég sit í núna stýri ég Hverfisráði og við eigum að stuðla að ýmis konar samstarfi innan hverfis. Hverfisráð eru vettvangur samráðs íbúa, félagsamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum. Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnanna í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni. Hverfisráð fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagi og umhverfi er snerta hverfið auk kynninga á stærri framkvæmdum og meginbreytingum á þjónustu. Til viðbótar, Hverfisráð geta gert tillögur til stjórnar eignasjóðs um forgangs-röðun framkvæmda í hverfinu.

Tækifæri í fjölmenningu

Ég vil vinna með íbúum hverfisins í að bæta og breyta Breiðholti. Ég vil vinna með fólki sem vill sýna frumkvæði í að þróa hverfið og gera Breiðholtið sjálfbært hverfi þar sem allir Breiðhyllingar ganga stoltir um



Nichole Leigh Mosty leikskólustjóri í Breiðholti og formaður hverfisráðs Breiðholts stillir sér upp fyrir framan byggingu við Álfahóla en þar var stórri mynd eftir Erró komið fyrir á húsagfli fyrir á þessu hausti.

hverfið sitt. Það er svo margt jákvætt sem hægt er að byggja hér í hverfinu. Til dæmis má nefna velgengni ÍR í handbolta og frjálsum íþróttum og Leikni í fótbolta. Við eigum að styðja við þessi frábæru félög og tryggja það að þau haldi áfram að þróa innri starfsemi og ná árangri með börnum og unglungum sem skilur eftir sig í hverfinu. Svo eru einnig til áskoranir sem við þurfum að takast á við í sameiningu og búa til tækifæri úr þeim. Hér vil ég nefna fjölmenningu sem við búum við hér í hverfinu. Það er áskoron til okkar að finna leið til að koma innflytjendum og öllu sem þau hafa til að bjóða, sterkt inn í hverfisandann.

Menntun núna og fjölskyldumiðstöð

Borgaryfirvöld horfa til okkar og eru að stuðla að þróun innan hverfis, má þar nefna þjónustu sem veitt er í hverfinu. Til dæmis má nefna þróunarverkefni sem styrkt er af skóla- og frístundasviðinu í fjölmörgum leik- og grunnskólum hverfisins, sem eru að byrja að sýna árangur í starfinu með börnum og unglungum. Í þessu samhengi er rétt að nefna tilraunaverkefni sem er í fullum gangi og kallast "Menntun núna." Verkefni miðar að því að auka og samþætta þjónustu og ráðgjöf tengda menntun fyrir þann hóp fullorðins fólks sem ekki hefur lokið formlegu námi. Að verkefninu kemur breiður hópur fólks, fulltrúar stéttarfélaganna, samtaka atvinnulífsins, framhaldsskólar, háskólar, fram-



Formaður hverfisráðs fylgist með endurnýjung í Breiðholtsskóla. Mikið umræða er á meðal íbúa Neðra Breiðholtsins um skólann núna og þrýst á um endurbætur.

haldsfræðsla og Reykjavíkurborg, en formaður verkefnisstjórnar er Óskar Dýrmondur Ólafsson hverfisstjóri Breiðholts. Nýsköpunarmiðstöð FabLab er flutt í hverfið ásamt Nýlistasafninu. Við erum að vinna með miklum móð að koma af stað fjölskyldumiðstöð hér í hverfinu. Slík miðstöð mun bjóða íbúum upp á þverfaglega þjónustu á sviði heilbrigðis, velferðar, fristunda, menntunar og menningar. Áhersla miðstöðvarinnar er virk þátttaka og samstarf með fólkinu í hverfinu með forvarnir í brennidepli. Í þessari miðstöð mun fólk með ólíkar þarfir fá stuðning til þess að vinna að eigin vellíðan.

Purfum að vinna saman af einlægni

Ég er komin tiltölulega stutt á leið í embættinu sem formaður Hverfisráðs en hef mikinn vilja til þess að fara langt með ykkur kærur Breiðhyllingar í að búa til betra og bætt Breiðholt. Við þurfum að vinna saman af einlægni í að byggja upp hverfi sem við eigum og viljum deila með öðrum. Framtíðin er björt í Breiðholti!

Nichole Leigh Mosty.
Formaður Hverfisráðs
Breiðholts.

www.tattoo.is

simi: 7722171

Arnarbakki 2

CLASSIC TATTOO
REYKJAVÍK

Opíð 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga

tattoo@tattoo.is

Góðar gjafir á góðu verði

Jólabasar Hollvína Grensásdeildar

Laugardag 29. nóvember 2014

kl. 13-17

í safnaðarheimili Grensáskirkju.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

3ja ára
ábyrgð

Vandaðir
krossar á leiði!

JS LJÓSA SMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
Í SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



EINFÖLD ÁKVÖRÐUN
VELDU ÖRYGGI
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

ÞÚ PASSAR HANN
VIÐ PÖSSUM ÞIG



Continental



Viking Contact 5

Hankook



I*Pike W419

Mastercraft
JEPPADEKK



Course MSR



Dekkjaverkstæði



Smurpjónusta



Smáviðgerðir



Hjólstillingar



Bremsuklossar



Rúðupurrkur



Rúðuvökvi



Rafgeymar



Peruskípti

Nánari upplýsingar

www.solning.is



SÓLNING
Renndu við

Smiðjuvegi 68-72, Rvk | Hjallahrauni 4, Hfj | Fitjabraut 12, Njarðvík | Eyrauvegi 33, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2

nettó

Í JÓLASKAPI

VERÐ-
SPRENGJA!

SÚPUKJÖT
FRÁBÆRT VERÐ!

598

KR/KG

-35%

HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINADUR

1.884

ÁÐUR 2.898 KR/KG

-20%

BJÚGU
NETTÓ 6 STK

718

ÁÐUR 898 KR/KG

KJÚKLINGABRINGUR
JÓLAAPPELSÍNUMARINERIG

2.298

KR/KG

KJÚKLINGABRINGUR
Í DANSKRI PIPARMARINERIGU

2.298

KR/KG

RJÚPUBRINGUR
4 STK

1.989

KR/PK

-40%

BAYONNESKINKA
ÓREYKT, ÓSÖLTUÐ (ÚRB. LÆRI)

1.199

ÁÐUR 1.998 KR/KG

EKKI STRESSA ÞIG Á BAKSTRINUM
FÁÐU ÞÉR TILBÚINAR GÓMSÆTAR SMÁKÖKUR
OG NJÓTTU AÐDRAGANDA JÓLANNA

SMÁKÖKUR
ÝMSAR TEGUNDIR

499

KR/BOXIÐ

CHOKLADDRÖM

BLÁBARSFLARN

HAVRECHOKO

PEPPARKAKOR

PEPPARKAKOR

HALLONKRANS

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




KJÚKLINGABRINGUR
900 G FROSID
1.494
ÁÐUR 1.698 KR/PK



HAMBORGARHRYGGUR
M/BEINI
-30%
1.399
ÁÐUR 1.998 KR/KG



DOUX KALKÚNN
HEILL FUGL
999
KR/KG



LAMBAKÓRÓNA
CHAMPAGNA MARINERING
3.598
ÁÐUR 3.998 KR/KG



KJÚKLINGALUNDIR
700 G FROSID
-42%
985
ÁÐUR 1.698 KR/PK



RAUÐRÓFUR
-50%
64
ÁÐUR 128 KR/KG



RAUÐKÁL
-50%
149
ÁÐUR 298 KR/KG



LOFTKÖKUR
TYLSTRUP 200
399
KR/PK



KLEINUHRINGIR
AMÉRÍSKIR
-50%
95
ÁÐUR 189 KR/STK



COCOFINA
KÓKOSVATN-3 TEG 250 ML
199
ÁÐUR 239 KR/STK



PIPARKÖKUDRÖPAR
COOP 500G
359
KR/PK



PIPARKÖKUR
300 G
499
KR/PK

**NÝTT
KORTA-
TÍMABIL**



Tilboðin gilda 20.-23. nóv 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Nýlistasafnið opnar við Völvufell

Nýlistasafnið oft nefnt Nýló hefur opnað safna- og verkefnarými við Völvufell 13 til 21 í Breiðholti. Starfsemi safnsins var flutt í Völvufellið á liðnu sumri og hefur undirbúningur að opnun tveggja rýmanna staðið yfir síðan. Fyrsta sýningin í verkefnarýminu var opnuð 18. október sl. en þar sýnir bandaríska myndlistarkonan Rebecca Erin Moran filmu innsetningu. Rebecca hefur búið og starfað hér á landi í nær áratug. Hún er menntuð frá School of the Art Institute í Chicago en hefur einnig búið og starfað í Hollandi og sýnt bæði hér á landi en einnig á ýmsum stöðum í Evrópu. Þorgerður Ólafsdóttir formaður Nýlistasafnsins segir eftirtektarvert hve margir hafa lagt leið sína í safnið eftir að sýning Rebecca var opnuð. „Fólk er að koma hingað með börnin sín – á leið heim úr skóla og vinnu. Sýningin er líka fjölbreytt og skiptir að nokkru um svip frá degi til dags. Hún höfðar greinilega til barna jafnt sem fullorðinna,“ segir Þorgerður.

Sýning Rebecca í Nýló er endapunktur á röð gjörninga sem bera titilinn Laboratory Aim Density sem listakonan flutti í Hollandi og Þýskalandi fyrr á þessu ári. Innsetning hennar vísar bæði til kvikmyndagerðar og gjörninghefða. Meðan á sýningunni stendur vinnur hún sjálf með filmur, tekur á þær, framkallar, klippir og vinnur á staðnum. Þannig mótar hún lifandi ferli sem veltir upp spurningum um hugsun mannsins og endalok fyrirsjáanlegrar og hefðbundinnar frásagnalistar. Þótt börn skynji sýninguna ef til vill einkum af útliti hennar, fjölbreytileika og hreyfingum, þá spyr listakonan dýpri spurninga og útkoman verður allt um lykandi skúlptúr, gjörningar og uppákomur sem mynda hreyfanlega innsetningu.

Verk margra þekktustu listamanna landsins

Nýlistasafnið á sér rúmlega þriggja áratuga sögu. Safnið var stofnað af hópi listamanna í þeim tilgangi að varðveita listasögu samtímans og þá einkum verk sem opinberar listastofnanir sýndu lítinn áhuga eða engan á þeim tíma. Safnaeign Nýló byggir á gjöfum listamanna og aðstandenda þeirra og hefur nú að sögn Þorgerðar að geyma fjölda listaverka eftir marga af þekktustu listamönnum Íslands og erlendra listamanna sem sýnt hafa í Nýló. Þorgerður segir að með tilkomu húsnæðisins við Völvufellið hafi safnið eignast



Hluti af innsetningu Rebecca. Sýningin er á sífelldir hreyfingu og breytist innsetningin dag frá degi. Börnin hafa sýnt sýningunni mikinn áhuga og þótt þau skynji hana ef til vill einkum af útliti hennar, fjölbreytileika og hreyfingum, þá spyr listakonan dýpri spurninga.

verðugan samastað og starfsaðstöðu enda safnaeignin löngu orðin að sjálfstæðu fyrirbæri. Hún segir að þar sé ekki allt að finna en að safneignin sé engu að síður ákveðin birtingarmynd listasögunar og kjörin vettvangur til rannsóka á samföllum. Hluti af starfsemi safnsins sé að bjóða og leita eftir samstarfi við fræðimenn, listamenn og sýningastjóra. Söfn bera ábyrgð á þeirri listasögu sem þau standa fyrir og sýningarstefnan hverju sinni miðist við að mynda samhangandi heild til þess að sýna þá sögu og fletja hana til almennings. Annar þáttur í starfsemi og húsnæðissögu Nýló er aðlögun að safnalögum sem taka reglulega breytingum og að hafa eðlilega ákveðnar kröfur varðandi geymslu og aðstæður safna.

Myndlistarsenan á sér ekki eitt pósthang

Nýlistasafnið hefur starfað í miðborg Reykjavíkur frá stofnun. Fyrst var safnið til húsa í bakhúsi við Vatnsstíg 3b þar sem SÚM hópurinn hafði aðsetur og Gallerí SÚM var til nokkurs tíma. Starfsemi safnsins var þar til húsa í 24 ár og gaf Alþýðubankinn safninu það húsnæði. Árið 1979 flutti safnið í framhúsið við Vatnsstíg 3 en árið 2006 flutti safnið sig svo um set og var til húsa við Laugaveg 26 þar til í lok árs 2009. Til ársins 2014 var Nýlistasafnið til húsa að Skúlagötu 28 í fyrrum húsnæði keðverkismiðjunnar Frón. Ástæður þess að ákveðið var að fletja safnið í Breiðholti má rekja til þess að mun hentugra húsnæði fannst fyrir starfsemi og einnig var stjórn Nýló afar áhugasöm að færa sig úr 101

þar sem myndlistarsenan á ekki að eiga sér aðeins eitt pósthang. Þorgerður segir að leigu- og fasteignamarkaðurinn eins og hann er í dag henti heldur ekki menningarstarfsemi á borð við Nýló. Safnið byggir ekki starfsemi sína á rekstrarhagnaði og því erfitt að halda úti starfsemi miðsvæðis þar sem húsnæðiskostnaður sé illviðráðanlegur. Mörg húsnæði séu á forræði einkaaðila þar sem viðskipti byggja á markaðslögmálum. Safn eins og Nýló þrífst ekki vel á þessum grundvelli en hefur aftur á móti þá eiginleika að hækka allt fasteignaverð í kringum sig, sem og undir sjálf sig. Stjórn Nýló hefur áhuga á að nýta samleiðaráhrif safnsins og láta gott af sér leiða í ögrandi umhverfi.

Öryggi að koma hingað

Og þá kemur upp spurningin um hvort safnið sé að eða geti sinnt þessum hlutverkum í núverandi húsnæði. „Við litum ekki á það sem áhættu að koma hingað heldur öryggi fyrir safnið og framsýni í starfsemi þess. Breiðholtið er nokkuð miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og hér hefur myndast miðlægt athafna- og menningarumhverfi. Í því sambandi má nefna að tveir grunnskólar eru staðsettir á svæðinu, einn framhaldsskóli, félagsmiðstöðvar og íþróttastarsemi að menningarmiðstöðinni Gerðubergi meðtalinni. Þannig er ákveðin félags- og menningarleg hefð á þessu þessu svæði. Við erum líka búin að leggja í mikla vinnu í að gera þessa aðstöðu sem best úr garði – búa til sýningaraðstöðu uppi nú um



Rebecca Erin Moran við hluta arf sýningu sinni.

sinn og almennilega safna- og starfsaðstöðu niðri. Við höfum strax orðið vör við áhuga fólks á safninu og starfsemi þess og fengið góð viðbrögð. Auðvitað væri æskilegt að vera með sýningaraðstöðu á fleiri stöðum, til dæmis á miðborgarsvæðinu og til þess mun verða horft í náinni framtíð. Ef eitthvað vantar hér í kringum okkur er það kaffihús - svona samkomustaður þar sem fólk getur sest niður og spjallað saman, sem reyndar er gjarnan gert í Nýló. Við söknum bakarísins sem var hér en hefur nú verið lokað. Þar var ekki eingöngu um magaaft að ræða vegna þess að þar var smá vísur að kaffihúsi. Við vonum að einhver sjái sig knúinn til þess að opna kaffihús hér í nágrenninu segir Þorgerður.

Framlag til lestrarhátíðar

Fyrsta sýning Nýló úr safneign sinni er í húsakynnum safnsins við Völvufell og ber yfirskriftina Blind Navigation og er framlag safnsins til lestraráhrifa 2014 sem helguð er ritlist og smásögum. Safnið hefur boðið listakonunni Önnu lhle til samstarfs og hefur hún unnið að sýningunni ásamt þeim Eyu Ísleifsdóttur og Kolbrúnu Ýr Einarisdóttur en þær starfa báðar við safnið. Þorgerður segir að þau verk sem valin hafa verið úr safneigninni kallist á við verk Önnu en hún hafi verið að rannsaka frásagnaformið í samræmi við hugmyndir um siðfræði, vinnu og tíma.

Tímamót í listsköpun

Þegar hugað er að safnaeign Nýlistasafnsins er ljóst að safnið geymir sögu þess tíma í listum hér á landi þegar nýir straumar og stefnur voru að ryðja sér til rúms enda tilgangur þess að opna listheiminn á Íslandi fyrir

Á upphafsögum Nýló fjölluðu dagblöð gjarnan í gagnrýnum tón um nýsköpun í listum og einn gagnrýnandi hélt því fram að nú væri komið að endalokunum listarinnar og sagði um sýningu í Nýlistasafninu: „Þetta er ekki list-þetta geta allir gert“.

nýjungum, með það að markmiði að gefa fleiri myndlistarmönnum kost á að vinna að list sinni hérlendis. Í fyrstu einsettu stofnendur sér að varðveita og safna myndlist sem varð til í kringum SÚM hópin sem olli um margt tímamótum í listsköpun hér á landi en starfsemi hefur vaxið og tekur til alhliða nýlistar. Gallerí Nýlistasafnsins var stofnað árið 1981 og var það í upphafi rekið aðskilið frá söfnunarstarfsemi. Starfsemi varð þannig tvíþætt með þeim markmiðum að safna og varðveita samtímamyndlist annarsvegar og að þjóna sem sýningavettvangur framsækinnar myndlistar hinsvegar. Nýlistasafnið hefur ætíð verið vettvangur umbrota og nýjunga. Margar sýningar safnsins hafa markað tímamót í íslenskri listasögu og því ljóst er að stofnun þess hefur ýtt við opinberum söfnum og flýtt fyrir framþróun innan íslenska listheimsins. Í yfir þrjátíu ára sögu safnsins hefur starfsemi þess oft verið umdeild og sýningar og uppákomur hafa á tímum vakið sterk viðbrögð og jafnvel deilur en safnið jafnan staðið vörð um þann hluta listasögunnar sem það varðveitir.



Líður þér illa í hjartanu?
1717
opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

**ALLTAF FULLT BORD
AF FERSKUM FISKI
OG FISKRETTUM**

Opnið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ HÓLMGEIRS
MJÓDD



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Menntun núna í Breiðholti

Um 250 manns stunda eða hafa stundað nám í tengslum við Menntun núna verkefnið í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, Miðbergi, Árskógum og í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti. Auk þess hefur Breiðhyllingum staðið til boða fjölbætt fræðslustarf styttri námskeið og smiðjur.

Tilraunaverkefnið Menntun núna í Breiðholti fór af stað síðastliðið vor en þann 14. mars skrifuðu Illugi Gunnarsson og Jón Gnarr undir samstarfssamning um verkefnið í Gerðubergi. Þar kemur fram að markmið verkefnisins séu að „Auka þjónustu og stuðning við þrjá hópa í Breiðholti í því skyni að auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Í fyrsta lagi innflytjendur, í öðru lagi fólk á aldrinum 25-54 ára sem ekki hefur lokið formlegu námi eftir grunnskóla og í þriðja lagi fólk á aldrinum 18-25 ára sem horfið hefur frá framhaldsskólanámi“. Auk verkefnisins í Breiðholti er annað sambærilegt í Norðvestur kjördæmi en verkefnið opnaði í október sameiginlega vefsíðu á slóðinni www.menntun-nuna.is.

Nám fyrir innflytjendur

Um 200 innflytjendur hafa sótt 16 íslenskunámskeið og Landnemaskóla, 11 frá Mími símenntun og 2 frá Jafnréttishúsi. Námskeið hafa verið skipulögð bæði fyrir ákveðna tungumálhópa sem og blönduð námskeið á stigi 1 og 2 í íslenskunámi. Landnemaskólinn sem einnig gengur undir nafninu „Íslenska og samfélag“ er lengri námsbraut þar sem blandað er saman íslenskukennslu,

samfélagsfræðslu, sjálfstyrkingu, og gerð ferilsskrár. Í kennslu fyrir ákveðna tungumálhópa þá talar kennarinn eða aðstoðarkennari tungumál nemenda en boðið var upp á 7 slík námskeið fyrir Albani, Víetnama, Kínverja, Tælendingar, Arabískar konur, Spænsku- og Portúgölskumælandi. Einn Landnemaskólinn er í samstarfi við Vinnuálastofnun og þar er boðið upp á 10 daga í starfsþjálfun þar sem fjöldi fyrirtækja og stofnana í Breiðholti tekur virkan þátt í náminu.

Miðvikudaginn 19. nóvember verður sameiginleg útskrift 8 nemendahópa af kvöldnámskeiðum Mímis og Menningarmót sem skipulagt er í samstarfi við Borgarbókasafnið. Menningarmótið verður í Borgarbókasafninu en þar munu nemendur kynna menningu síns lands fyrir hver öðrum og gestum og gangandi.

Brotthvarfshópurinn og aðrar sérsniðnar námsbrautir

Í samstarfi við Geðheilsustöð Breiðholts var þróað ný vikna námskeið fyrir kvennahóp sem stefnir aftur í nám eða vinnu. Í námskeiðinu var fléttað var saman Núvitund með Margréti Arnljótsdóttur og Önnu Dóru Frostadóttur og námskeiðinu „Breytingar, tækifæri og Markmið“ (BTM) með Hrefnu Birgittu Bjarnadóttur. Mikil ánægja var með námskeiðið en í umsögn nemenda kom fram að þrátt fyrir að námskeið hefði verið krefjandi og erfið þá hefði það breytt lífi þeirra, maður þurfti að vinna í



Myndin er af kínverskum íslenskunemum. Mynd. Mirela.

sínum málum, setja sér markmið og skipuleggja framtíðina.

Skimun gegn kvíða og þunglyndi

Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur í samstarfi við grunnskóla í hverfinu og Fjölbrautarskólann í Breiðholti unnið að skimun gegn kvíða og þunglyndi í 9 og 10 bekk og fyrstu árgöngum í FB. Meginmarkmið verkefnisins hefur verið að vinna gegn brotthvarfi og stuðla að virkri þátttöku ungmenna í samfélaginu. Kvíði og þunglyndi er ein af meginástæðum brotthvarfs úr námi en í kjölfar skimunar hefur nemendum verið boðið upp á námskeið í Hugrænni atferlismeðferð (HAM). Þjónustumiðstöð Breiðholts og Menntun núna verkefnið vinna nú að undirbúningi skimunar og HAM námskeiðs fyrir fólk á aldrinum 18-54 ára sem hefur horfið burt úr námi eða treystir

sér ekki í nám vegna kvíða- og þunglyndiseinkenna.

Sesselja Pétursdóttir er náms- og starfsráðgjafi FB og Menntun núna. Hún hefur haft samband við rúmlega 300 brotthvarfsmendur úr FB auk þess að bjóða upp á ráðgjöf til handa öðrum Breiðhyllingum. Í haust fóru af stað 2 námskeið frá Námsflokum Reykjavíkur fyrir brotthvarfshópin auk þess sem 17 manns úr þessum hópi taka nú þátt í Grunnenntaskólanum frá Mími símenntun. Í samstarfi við Vinnuálastofnun er einnig í gangi námskeiðið „Starfskraftur“ þar sem áhersla er lögð á hagnýtt nám, sjálfstyrkingu og fræðslu sem nýtist í atvinnuleit. Hluti námskeiðsins er kenndur í Fab Lab í Fellagörðum.

Fimmtudagsfræðsla og opin námskeið

Auk lengri námsbrauta hefur

verið boðið upp á 4 smiðjur í Fab Lab fyrir almenning þar sem færri hafa komist að en vildu. Framhald verður á þessum námskeiðum á næstu önn. Þá hefur fjöldi fyrirtækja, félaga og stofnana heimsótt Fab Lab og nemen dahópar bæði úr hverfinu og utan þess hafa komið í smiðjuna og unnið að verkefnum sínum.

Boðið er upp á opna tölvutíma í samstarfi við Félagsstarfið í Gerðubergi alla föstudaga. Fimmtudagsfræðslan sem unnin hefur verið í samstarfi við Menningarmiðstöðina í Gerðubergi hefur boðið upp á margvíslega fræðslu fyrir almenning. Á döfinni eru erindi frá Kristínu Einaradóttur „Hvað á að gera við afa?“ þar sem hún fjallar um hómur þann 20. nóvember og þann 11. desember munu Jafnréttishús og Menntun núna bjóða upp á fjölmennarlega jólafræðslu og kræsingar.

Á döfinni


Helstu nýmæli eftir áramót er að sérstök áhersla í Fimmtudagsfræðslunni verður fræðsla og skemmtun fyrir fjölskylduna en dagskráin verður skipulögð í samráði við Þjónustumiðstöð Breiðholts, kallað er eftir hugmyndum foreldra að viðburðum. Unnið verður með leik- og grunnskólum að því að bjóða upp á íslenskunámskeið fyrir foreldra. Íbúar í hverfinu eru hvattir til að koma hugmyndum sínum á framfæri með tölvupósti í menntun.nuna@reykjavik.is og í síma 664-7706.

SGK

Matur og vín:

Jólin nálgast og margur er farinn að hugleiða hvað skal nú hafa í matinn á jölunum. Hjá mörgum er slíkt í föstum skorðum og jafnvel löngu ákveðið hvaða veisluréttur verður á jólaborðinu. Hitt er oft erfiðara hvaða ljúfa vín skal hafa með hátíðarréttinum. Því gerum við bragð úr ellefta boðorðinu í ár og sleppum uppskriftum. Þess í stað leggjum við sérstaka áherslu á hvaða vintegundir passa best með jólamatnum.

RJÚPA



Estola Gran Reserva – La Mancha – Spánn
2.699 kr.


Kirsuberjarauft. Meðalfylling, ósætt, mild sýra, miðlungstannin. Rauð ber, tunna, karamella, jurtakrydd.



Piccini Memoro Vintage 2010 – Ítalía
3.399 kr.

Kirsuberjarauft. Meðalfylling, ósætt, fersk sýra, miðlungstannin. Rauð ber, vanilla, jörð, mint.

LAMBAHRYGGUR



Piccini Chianto Organci – Toskana – Ítalía (Ífrænt ræktað)
1.980 kr.

Kirsuberjarauft. Létt meðalfylling, þurr, fersk sýra, miðlungstannin. Rauð ber, kirsuber, jurtakrydd.



Piccini Chianti – Toskana – Ítalía
1.799 kr.

Kirsuberjarauft. Létt meðalfylling, þurr, fersk sýra, miðlungstannin. Rauð ber, kirsuber, krydd, lyng.

Seljaskóli vann Skrekkinn

Seljaskóli vann Skrekkinn á úrslitakvöldi sem fram fór í Borgarleikhúsinu í sl. mánudagskvöld. Hlíðarskóli hafnaði í öðru sæti en Langholtsskóli í því þriðja. Atriði Seljaskóla heitir „Allt til fjandans farið“ og fjallar um það þegar tæknin tekur yfir. Seljaskólahópurinn steig síðastur á svið þeirra átta skóla sem komust í úrslit.

Fjörug ungmenni sem sungu, dönsuðu og skemmtu sér yfir fjölbreyttum atriðum keppinnar settu svip á salinn í Borgarleikhúsinu um kvöldið. Biðin eftir að úrslitin væru kynnt voru nokkuð löng og andrúmsloftið orðið rafmagnað þegar Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kom fram á sviðið og kynnti sigurvegara Skreks 2014. Mikil stemmninga var í hæfileikakeppinni og ætlaði þakið ætlaði bókstaflega að rifna af Borgarleikhúsinu þegar úrslitin voru kynnt. Samhæfing, liðsheild og góður andi einkenndi

hópin og fögnuðurinn var gífurlegur. Skreksstytta er nú komin í annað sinn í Seljaskóla. Þrotlausar æfingar, skipulag, vel útfært atriði, dansinn, söngurinn, leikurinn samhæfingin og gleðin tókust í hendur og leiddi þau til sigurs. Skrekkshópurinn var undir stjórn félagsstarfskenningaranna Þóris Brjáns Ingvarssonar og Gauta Þórs Ástþórssonar. Þeir sögðu að Seljaskólahópurinn hefði fengið mikið hrós frá starfsmönnum Borgarleikhússins fyrir fagmannlega og góða framkomu á æfingum og sýningum. Alls átta átta skólar fulltrúa á úrslitakvöldinu að þessu sinni: Austurbæjarskóli, Hlíðaskóli, Kelduskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Réttarholtsskóli, Seljaskóli og Sæmundarskóli. Skrekkur er árleg hæfileikakeppni fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík en allir grunnskólar með unglingsdeild geta sent eitt atriði í keppnina.



Samhæfing og samheldni einkenndi sýningu Seljaskóla.



Seljaskólakrakka fagna sigri með Degi B. Eggertssyni Borgarstjóra.



Allt farið fjandans til en sigurinn engu að síður í höfn.





Ástríða í matargerð

JÓLASÍLDIN 2014

ER ÓMISSANDI Á AÐVENTUNNI OG Á JÓLABORÐIÐ
KOMIN Í VERSLANIR



www.ora.is



Elvar Kristinn og Sara Lind Norður-Evrópumeistarar í Latin-dönsum

Elvar Kristinn Gapunay og Sara Lind Guðnadóttir urðu Norður-Evrópumeistarar í Latin-dönsum í flokki 12 til 13 ára 16. október sl. Mótið var haldið í Helsinki í Finnlandi en þau kepptu fyrir Dansíþróttafélag Kópavogs.

Elvar og Sara lentu einnig í 3. sæti í ballroom-dönsum. Þótt þau séu aðeins 13 ára gömul og hafa þau unnið til fjölda verðlauna undanfarin ár. Þau byrjuðu að dansa saman aðeins fimm ára og hafa unnið alla keppnir á Íslandi undanfarin fimm ár. Þeim hefur einnig gengið vel á keppnum erlendis og hafa m.a. unnið Copenhagen-open sem er stærsta keppnin sem haldin er á Norðurlöndunum ár hvert. Þau eru einnig meðal fárra Íslendinga sem hafa dansað í úrslitum í Junior Blackpool dance festival sem er ein stærsta danskeppni sem haldin er fyrir börn og unglunga í heiminum. Þor frá Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Eistlandi, Lettlandi, Rússlandi, Þýskalandi, og Pólandi kepptu á mótinu í Helsinki.



Elvar Kristinn Gapunay og Sara Lind Guðnadóttir á verðlaunapallinum í Helsinki.



Krakkarnir í örum bekk Breiðholtsskóla hafa verið að læra heimilisfræði að undanförunu og meðal annars fengið að spreyta sig dálítið í eldhúsinu. Þessar tvær eru brosleitar sem það sem þær hafa búið til og sett á diskana sína.

Geymið auglýsinguna

Falleg gólf

PARKET SÉRGREIN MÍN Í 30 ÁR
Parketlög - parketslipun og viðgerðir

Við erum sérfræðingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða á einkaheimilum eða stærri einingum svo sem skólum stofnunum og eða íþróttahúsum. Parketslipun gömul gólf, sem verða sem ný eftir okkar meðhöndlun.

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er. Þegar gæðin skipta máli

3M

Falleg gólf ehf. • Nesbata 25 • 170 Selfarnames • góflipun@falgolf.is • sími 561 4207 • GSM: 598 1107

17 ára reynsla og þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



RE/MAX
LIND

**Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar.
Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd
upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.**

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur?
Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni?
Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Bóklegt nám fyrir alla flokka ökunáms.
- Meirapróf.
- Nýjung, ökuhermar notaðir við kennslu.
- Fagmennska í fararbroddi.

**ÖKU
SKÓLINN
Í MJÓDD**

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Ópið 10-17 alla daga.

mwww.bilprof.is

Allt að 400 á hrekkjavökukhátíð í Miðbergi

Árleg hrekkjavökukhátíð haldin í Miðbergi mánudaginn 20. október sl. Hátíðin var haldin í tengslum við vetrarfrí grunnskólanna og í samvinnu við Gerðuberg og Breiðholtslaug. Þetta er skemmtileg fjölskylduskemmtun þar sem allir eiga að finna eitthvað við sitt hæfi.

Viðburðurinn hefur verið mjög vinsæll og er áætlað að um 300 til 400 manns hafi tekið þátt í ár. Ýmislegt var í boði, en eins og oft áður var draugahúsið í Miðbergi vinsælast. Þar gátu börn og fullorðnir skriðið í gegnum skemmtilegt vöfundarhús og látið bregða sér. Á efri hæð Miðbergs var drauga-diskó þar sem börnin gátu dansað og farið í leiki. Á neðri hæðinni var draugahúsið alræmda, ásamt Nornakaffi, þar sem meðal annars boðið upp á vöflur og nornaseiði. Breiðholtslaug bauð upp á fríar sundferðir milli 14:00 og 16:00 fyrir þá sem vildu fara í draugasund. Í Gerðubergi var boðið upp á andlitsmálningu og hrekkjavökufundur. Viðburðurinn var virkilega vel heppnaður og virðist hann verða vinsælli með hverju ári. Myndirnar sem teknar voru á hrekkjavökukhátíðinni sýna meira er orð fá sagt.



Jólabasar Hollvina Grensásdeildar

Þann 29. nóvember nk. halda Hollvinir Grensásdeildar (HG) jólabasar í safnaðarheimili Grensáskirkju. Þar verða til sölu margt fállega muna tilvaldir til jólagjafa og úrval af gómsætum kökum.

Eins verður þar að fá kaffi og súkkulaði og vöflur með rjóma. Samtökin voru stofnuð árið 2006 til að styðja við hið mikilvæga og þjóðhagslega arðbæra starf sem unnið er á Grensásdeild LSH, en hún er

miðstöð frumendurhæfingar á Íslandi fyrir fólk sem orðið hefur fyrir farniskerðingu af völdum mænuskaða, heilaskaða, fjölskyldu og margvíslegra sjúkdóma. Jólabasarinn árlegi er helsta tekjulind HG en samtökin hafa varið milljónum króna til kaupa á tækjum og búnaði, sem Grensásdeild sárvantar. Öll þau sem það geta eru því hvött til að koma á basarinn og gera góð kaup og jafnframt styðja gott málefni.

Fullt af bókum frá Hólum

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti gefur út vel á annan tug bóka á þessu ári. Þar ber fyrst að nefna bókina Biblíumatur eftir séra Svavar Alfreð Jónsson prest á Akureyri. Í henni verður að finna girnilegar og hollar mataruppskriftir frá landi mjólkur og hunangs og bera sumar þeirra forvitnileg heiti eins og t.d. Spínatsúpa faraós, Baunasalat Hebreams, Kvöldskattur tollheimtumannsins og Lambakjötsréttur Rebekku.

Sigurður dýralæknir er síðara bindið af ævisögu Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis og er það jafnframt afmælisrit hans. Í fyrri bindinu, sem kom út 2011, sagði Sigurður frá æsku sinni og uppveiti til fullorðinsára og samferðamönnum á því tímasteiði ævinnar. Mátti það heita dauður maður sem ekki grét af hlátri við lestur allra þeirra óborganlegu sagna af mönnum og málefnum sem þar komu fram. Hér fer dýralæknirinn enn á kostum þegar hann segir frá lífshlaupi sínu, allt frá dýralæknáminu í Noregi til þessa dags og dregur fram ógrynni sagna af skemmtilegu fólki og skemmtilegum viðburðum þótt vitaskuld hafi stundum gustað um hann og honum jafnvel verið hótáð lífláti. Kveðskapur liggur honum létt á tungu sem fyrr.

Þorsteinn frá Kjörvogi

Klénsmiðurinn á Kjörvogi er ævisaga Þorsteins Þorleifssonar (1821-1882) sem lengst af bjó í Kjörvogi í Árneshreppi. Hann lærði járnsmíði og stundaði þá iðn alla ævi, en samhliða starfaði hann við sjómennsku og búskap, auk þess að fást við lækningar og taka á móti börnum. Höfundur bókarinnar er Hallgrímur Gíslason á Akureyri, dóttursonarsonur Þorsteins.

Fjallað um Grímsnes og Grafning

Í ritverkinu Grafningur og Grímsnes - Byggðasaga, í samantekt Sigurðar Kristins Hermundarsonar, er fjallað um Grafning, sögu og mannlíf, á árunum 1890-2012 og Grímsnes að hluta til, þ.e.a.s. sem tekur einkum til Sogsvirkjana og Ljósafossskóla. Hverri jörð er lýst í knöppu máli og í ábúendatali er þráðurinn rakinn bæ frá bæ eftir hinna gömlu bodleið og grein gerð fyrir ábúendum og niðjum þeirra. Mikið ítarefni er hluti af verkinu, sem lýtur m.a. að staðfræði, atvinnuháttum, sögu og sögnum, þjóðfræði og þjóðhátum. Fjöldi merkra ljósmynda prýðir það, frá öllum þeim tíma sem fjallað er um. Þetta er vandað og viðamikil ritverk sem er mikilsvert innlegg í sunnlenska byggðasögu.

Fyrsta skáldsaga sjötugrar konu

Skáldsagan Árdagsblik mun vafalítið koma lesendum á óvart, bæði vegna efnistöku og söguviðs. Þar er fjallað um fólk af ólíkum uppruna sem ákveður að skapa sér framtíð í nýju landi, af bjartsýni og dugnaði. Ævintýrablaer og sagnfræði, ástir og átök blandast hér saman með skemmtilegum hætti. Höfundurinn Hrónn Jónsdóttir, sjötug að aldri, er búsett á Djúpvogi og er þetta hennar fyrsta skáldsaga en áður hafa birst eftir hana ljóð, frásagnir og blaðgreinar.

Skemmtisögur Björns Jóhanns

Eflaust munu margir fagna fjórða heftinu af Skagfirskum skemmtisögum. Þessar einstöku bækur Björns Jóhanns Björnssonar, blaðamanns, hafa notið mikilla vinsælda og hér láta margir gamminn geisa, s.s. Hilmir Jóhannesson lífskúnnar, Maron vörubílstjóri og Haukur Páls í samlaginu. Einnig Böddi á Gili, Bjarni Har, Óli á Hellulandi, Biggi Rafns, Mundi í Tungu, Dúddi á Skörðugili, Friðrik á Höfða, Tryggvi í Lónkoti, Árni á Brúnastöðum, Agnar á Miklabæ, Villi Egils, Gulla í Gröf, Helga á Silfrastöðum, Helga frá Frostastöðum, Didda í Litlu-Brekku og Ása Öfjörð, svo nokkrir skemmtilegir Skagfirðingar séu nefndir.



Hreindýrabók Guðna Einarssonar. Á kápunni má sjá hverjir eru viðmælendur hans.

Guðni með hreindýraskyttum

Í bókinni Hreindýraskyttur eftir Guðna Einarsson, blaðmann og skotveiðimann, segja Axel Kristjánsson, Gunnar A. Guttormsson, Guttormur Sigbjarnarson, Sigrún Aðalsteinsdóttir, Aðalsteinn Aðalsteinsson, Þorgils Gunnlaugsson, María B. Gunnarsdóttir, Pálmi Gestsson, Sæunn Marinósdóttir og Sigurður Aðalsteinsson frá ævintýrum sínum á hreindýraveiðum á Íslandi og í Grænlandi. Auk þess er rakin saga hreindýraveiða hér á landi. Bókin er prýdd kortum og fjölda mynda.

Magnús Þór með stríðssögu

Tarfurinn frá Skjalpaflóa er úr smiðju metsöluhöfundarins Magnúsar Þórs Hafsteinssonar og fjallar hún um ævi þýska kabátaforingjans Günther Prien sem fór mikinn í seinni heimsstyrjöldinni. Segir þar meðal annars af árásum hans á Royal Oak – Konungseikina - en hún hefur löngum verið talin ein sögufrægasta árásum sögunnar. Þeir sem njóta þess að lesa frásagnir frá stríðstímanum síðari verða ekki fyrir vonbrigðum með þessa bók.

Brandarar og fótboltspurningar

Ennfremur koma út hjá Hólum Bestu barnabrandararnir, Spurningabókin 2014 og Fótboltspurningar og vafalítið munu þær kæta marga. Fyrr á árinu komu þessar fjórar bækur út hjá Hólum: Ljóðstafaleikur sem er hvort tveggja í senn ljóðúrval og afmælisrit hagrýðingsins snjalla, Ragnars Inga Aðalsteinssonar frá Vaðbrekku, Saga Sveinafélags skipasmiða 1936 til 1983, eftir Þorgrím Gestsson, Hraun í Öxnaðal, eftir Bjarna E. Guðleifsson náttúrufræðing, og Örnefni í Mjóafirði, eftir Vilhjálm Hjálmarsson á Brekku.

Opið alla daga frá kl. 11 til 23.

Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza Sími: 557 1414

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

borgarblod@simnet.is

Danska ljóðskáldið Yahya Hassan í FB

Hinn 19 ára gamli danski Yahya Hassan flutti ljóð sín og svaraði spurningum framhaldsskólanema í Sunnusál FB á fimmtudaginn var.

Áhugsömum nemendum í dönsku í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu var

sérstaklega boðið. Hlustuðu þeir andaktugir á kröftugan og taktfastan flutning Yahya. Nemendur vöktu athygli fyrir áhugaverðar og einlægar spurningar sem þau spurðu ljóðskáldið á fallettri dönsku. Ljóðabókin sem ber nafn hans og lýsir uppvexti í skugga

gegndarlaus ofbeldis, bókstafstrúar og hræsni. Bókin hefur nú selst í yfir 100.000 eintökum.



Nemendur hlustuðu andaktugir.



Danska ljóðskáldið Yahya Hassan ásamt Magnúsi Ingvasyni aðstoðarskólameistara og Ágústu Unni Gunnarsdóttur kynningarstjóra FB.



Fellaskóli og leikskólar í hverfinu vinna saman að verkefninu "Okkar mál". Nemendum í 5. bekk var boðið að koma í heimsókn á leikskólana Holt og Ösp þar sem þeir lasu á sínu móðurmáli fyrir leikskólabörn með sama móðurmáli.

www.breiðholt.is

Heiti potturinn Sjóður sem styrkir opið félagsstarf

Í Breiðholti er rekið öflugt og opið félagsstarf í Árskógum og Gerðubergi. Heiti potturinn er sjóður sem styrkir verkefni sem fela í sér nýsköpun og nýbreytni í félagsstarfi í Breiðholti. Sjóðurinn styrkir einnig eflingu og þróun á verkefnum sem þegar eru í gangi.

Markmið:

- Að auka þátttöku og virkni í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að auka hlut íþróttaiðkunar og hreyfingar í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að efla fræðslu og miðlun upplýsinga í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að rækta félagsauð og auka fjölbreyti í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.

Reglur:

- Umsækjendur séu eldri en 25 ára
- Verkefnið verði framkvæmt í Breiðholti
- Hámarksupphæð styrks er 200.000 krónur
- Sjálfstæðir hópar, félög eða einstaklingar geta fengið styrk úr sjóðnum.

Umsóknareyðublað er að finna á <http://reykjavik.is/heitur-pottur>


Umsóknir skulu sendar í Félagsmiðstöðina Árskógum, merkt.

Heiti Potturinn
B.t. Ágústu Halldóru Gísladóttir
Árskógum 4,
109 Reykjavík

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2014.



GERÐUBERGSSAFN




15. nóvember kl. 13-16
Norræni leikjadagurinn
Stútfullur dagur af leikjum og spilum fyrir börn og fullorðna. Borðspil, tölvuleikur, ratleikur og gleði.

22. nóvember kl. 14
Jólafondur
Skemmtilegt fondur fyrir börn og fjölskyldur.



23. nóvember kl. 13.30
Zumba með Tanyu
Söguhringur kvenna og Tanya Dimitrova hjá Heilsuskóla Tanyu bjóða gestum upp á zumba. Skráning ókeypis og allar konur og börn velkomin.



26. nóvember kl. 20
**Bókakaffi
Feminískar bókmenntir**
Fjallað um bókmenntaverk sem teljast hafa skýran feminískan/hinsegin vinkel. Umsjón hafa aðstandendur bókabloggsins Druslubóka og doðranta.



29. nóvember kl. 14
**Nepölsk tunga og menning,
Café Lingua**
Kynning á fjölbreyttan og lifandi hátt. Í umsjá Nepalska félagsins á Íslandi.

**BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR**


Gerðubergssafn, sími 557 9122 - gerduberg@borgarbokasafn.is

www.borgarbokasafn.is

www.bokvit.tumblr.com - www.bokmenntir.is - www.artotek.is

Opið: mán-þri og fim 10-18, mið 10-21, fös 11-18 og lau og sun 13-16

Ný ísbúð í Breiðholti



Höfum opnað Kjörís ísbúð í Lóuhólum í Breiðholti við hliðina á Dominos.

Fjölbreytt úrval af ísvörum eins og kúlufis, smoothie, pinnaís, krapís og fimm bragðtegundir af ís úr vél: vanillu, súkkulaði, jarðarberja, sykurlaus vanillu og gamli ísinn sem er í dag söluhæsti

ísinn frá Kjörís.

Mikið úrval af íssósum, dýfum, nammi og ferskum ávextum.

Opið frá 14 til 23:30 virka daga og frá 12 til 23:30 um helgar.

Verið velkomin í Ísbúðina Lóuhólum, tilvalinn bíltúr fyrir alla fjölskylduna.

Leiknir og Hólabrekkuskóli áfram í samstarfi

Leiknir Reykjavík og Hólabrekkuskóli munu halda áfram á komandi skólaári samstarfi sínu. Hólabrekkuskóli býður nemendum í 9. og 10. bekk sem æfa fótbolta hjá Leikni að æfa aukalega undir stjórn þjálfara á skólatíma.

Er þetta fimmta árið í röð sem samstarfið er og er þetta mikið gleðiefni fyrir báða aðila sem og iðkendur Leiknis. Hólmfríður Guðjónsdóttir skólastjóri Hólabrekkuskóla hafði þetta um málið að segja; „Mér finnst mjög mikilvægt að skóli og grenndarsamfélag vinni vel saman,

með velferð barna og unglunga í huga. Samstarfið við Leikni hefur verið einstaklega gott og gefandi. Í ljósi þessarar góðu reynslu af samstarfinu, varðandi val í unglingsdeild, langar mig til að efla það enn frekar. Fyrir hönd Hólabrekkuskóla þakka ég samstarfið.“ Þetta er frábært framtak og Leiknir Reykjavík þakkar Hólabrekkuskóla fyrir að gefa iðkendum okkar tækifæri á að æfa enn meira aukalega. Hólabrekkuskóli er jafnframt brautryðjandi en þetta er fyrsti skólinn í Reykjavík sem býður upp á þessa þjónustu fyrir nemendur sína.



ÍSLENSKT GÓÐGÆTI Í GJAFAKASSA
TILVALIN JÓLAGJÖF

Soft, sultur, krydd, te, hunang, ostar, salt.
Nokkrar tegundir. Gott verð!

Upplýsingar í sínum
864 4755 og 822 0512
islenskhollusta@islenskhollusta.is

islensk
hollusta
-frá náttúrunnar hendi!

SKÚTAHRAUNI 7 | HAFNARFIRÐI | islenskhollusta.is

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Halldór Kristinn Halldórsson kominn heim í Leikni

Halldór Kristinn Halldórsson er nýjasti liðsmaður Leiknis. Hann er fæddur árið 1988 og lék upp yngri flokka með Leikni. Halldór er fimmti lækjahæsti leikmaður Leiknis frá upphafi með 125 leiki í deild.

Hann lék sinn fyrsta leik gegn Hamri í 3. deildinni árið 2003. Hann verður fyrsti Leiknismaðurinn í sögunni ef hann nær leik í sumar sem hefur leikið í öllum deildum Íslandsmótsins með Leikni. Þá ákvað Halldór að



Halldór Kristinn Halldórsson.

taka nýja áskorun og lék í tvö ár með Val og síðar Keflavík í tvö ár. Hann er hins vegar kominn aftur heim í Breiðholtið og er það mikið gleðiefni. Halldór leikur sem varnarmaður. Hann hefur æfingar strax með Leiknisliðinu og bjóðum við Dóra velkominn aftur heim í Leikni.

Sindri Björnsson á reynslu í Noregi

Sindri Björnsson leikmaður Leiknis var á dögnum boðið að æfa með úrvalsdeildarfélaginu Sarpsborg 08 í Noregi. Sindri lék vel með Leiknisliðinu í sumar og varð markahæsti leikmaður liðsins.

Frammistaðan vakti athygli og var honum kjölfarið boðið að koma og æfa með Sarpsborg 08. Sindri hefur leikið þrjú tímabil



Sindri Björnsson.

með Leikni en hann er fæddur 1995. Hann er uppalinn hjá félaginu og hefur farið í gegnum afreksstarf Leiknis og Krónunnar. Auk þess hefur Sindri leikið fyrir U17 og U19 ára landslið Íslands.

Leiknir fær liðsstyrk

Leiknismenn undirbúa sig nú að krafti undir átökin í Pepsi-deildinni næsta sumar. Kolbeinn Káráson hefur gengið til liðs við Leikni frá Val. Kolbeinn leikur sem framherji og hefur hafið æfingar með Leikni.

Kolbeinn er fæddur 1991 og

er uppalinn í Val. Hann hefur alltaf leikið fyrir Val nema eitt tímabil að láni hjá Tindastóli og eitt tímabil með Floy í Noregi. Arnar Freyr Ólafsson markvörður hefur einnig ákveðið að ganga til liðs við Leikni. Arnar er uppalinn í Fjölni

en lék með Leikni á síðasta tímabili sem lánsmaður. Hann er fæddur 1993 og hefur hafið æfingar með Leikni. Við bjóðum þessa tvo flottu leikmenn velkomna í Leikni.

www.leiknir.com

ÍR- og Leiknisvörur
í úrvali

Enskar fótboltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

ÍR fyrir Breiðholtsbúa í 44 ár:

Félagslegur kraftur ÍR starfsins er auðlegð Breiðholtsbúa

Um 1970 þegar Breiðholtshverfið var að byggjast hratt upp flutti ÍR, þetta gamalgróna íþróttafélag, megnið af starfsemi sinni í hverfið.

Frá þeim tíma hefur ÍR vaxið og dafnað í höndum Breiðholtsbúa og er nú eitt af fjölmennasta og öflugsta íþróttafélag landsins.

Iðkendur, æfingaflokkar og þjálfarar

Um 2000 iðkendur stunda reglulegar æfingar og keppni undir merkjum ÍR ár hvert í nýju íþróttagreinum. Til viðmiðunar má geta þess að í samanlagður nemendafjölda í grunnskólunum fimm í Breiðholti er um 2300. Íþróttagreinarnar sem nú eru stundaðar hjá ÍR eru fimleikar, frjálsíþróttir, handknattleikur, knattspyrna, körfuknattleikur, keila, júdó, TaeKwonDo og skíði. Æfingaflokkarnir í vetur eru samtals 97 í öllum deildum og starfandi þjálfarar á vegum félagsins á annað hundrad.

Rekstur ÍR í jafnvægi

Þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu í þjóðfélaginu undanfarin ár hefur ÍR-ingum tekist að koma jafnvægi á rekstur félagsins og deildanna. Heildarvelta félagsins og deilda þess var um 315 milljónir á árinu 2013. Skuldir aðalstjórnar ÍR og allra deildanna eru með því allra minnsta sem þekktist hjá íþróttafélagi af sömu stærð.

Þröngt um æfin-gaaðstöðu og keppni

Þrátt fyrir að ÍR-ingar hafi æfinga- og keppnisaðstöðu í fjórum íþróttahúsum í hverfinu auk Laugardalshallar, Egilshallar og Keiluhallar og hafi aðgang að útisvæðum fyrir knattspyrnu þrengir verulega að fjölmennustu deildum félagsins með aðstöðu. Fjölmenn handboltadeild félagsins er orðin mjög aðþrengd með æfingatíma, ört stækkandi frjálsíþróttadeild getur ekki tekið á móti meiri fjölda í Laugardalshöll og þörfin fyrir innanhússaðstöðu fyrir handknattleik, knattspyrnu og frjálsíþróttir orðin mjög aðkallandi á ÍR svæðinu. Þá liggur fyrir að aðstöðu vantar sárlega fyrir keiludeild og fimleika í hverfinu. Bygging nýs frjálsíþróttavallar á ÍR svæðinu hefur verið samþykkt og verður hann vonandi kominn í gagnið árið 2016. Baráttan fyrir bættri innanhússaðstöðu fyrir allar deildir félagsins þarf að halda áfram af fullum krafti á næstu misserum.

Ánægðir ÍR-ingar aldrei betri en nú á íþróttavellinum

Einstaka deildir og íþróttagreinir eiga sín



Ánægðar ÍR stelpur. Þriðji mælikvarðinn á starfið er ánægja iðkenda og samkvæmt könnun á vegum ÍBR er 90% iðkenda ánægður með að æfa hjá ÍR, sem er útkoma vel yfir landsmeðaltali.

blómaskeið og á milli erfiðari tíma. Ef á heildina er litið stendur ÍR nú mjög vel að vígi sé miðað við fjölda afreksmanna félagsins á heimsmælikvarða, landsliðs- og unglíngalandsliðsmanna. Annar mælikvarði á stöðu starfseminnar er iðkenda fjöldi í yngri flokkum deildanna sem er með allra mesta móti um þessar mundir. Þriðji mælikvarðinn er ánægja iðkenda og samkvæmt könnun á vegum ÍBR er 90% iðkenda ánægður með að æfa hjá ÍR, sem er útkoma vel yfir landsmeðaltali.

Gæðastefna ÍR í þróun

Félagið býr við þann munað að hafa á að skipa einni öflugustu þjálfarasveit landsins sem hafa góða menntun og langa reynslu af þjálfun í bland við þjálfara sem eru að afla sér reynslu og þekkingar. Nú er unnið að því að bæta enn gæðin í þjálfuninni með því að útbúa sérhæfðar íþróttanámskrár fyrir allar greinar íþróttar sem eru stundaðar hjá ÍR. Með slíkum skráum verður mjög skýrt afmarkað hvernig þjálfun hvers aldursflokks á að fara fram í hverri einustu íþróttagrein sem stunduð er hjá félaginu.

Sjálfbóðaliðarnir halda uppi starfi félagsins

Ekkert af því sem að ofan hefur verið nefnt væri hægt að framkvæma ef ekki væru þúsundir sjálfbóðaliða sem vinna með iðkendunum að framgangi félagsins, deilda þess og æfingaflokka alla daga ársins. Sjálfbóðaliðarnir stjórna félaginu, deildunum, foreldrafélögum, meistara-flokksráðum, barna- og unglíngaráðum, fjáröflunarnefndum, eru fararstjórnar og leiðtogar

félagsins bæði inn á við og út á við.

Íþrótt- og félagsstarfið hjá ÍR er ómetanlegt fyrir Breiðholtsbúa

Framlag sjálfbóðaliðanna kemur sér ekki bara vel fyrir íþróttaiðkendum og félagið sem slíkt. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þar sem framlag sjálfbóðaliða er mikið eru meiri líkur á að traust og virðing ríki í samfélaginu og þar með félagsleg og hagræn velsæld. ÍR-ingar mynda langfjölmennustu félagasamtök Breiðholtsins með um 2000 virka iðkendum árlega og varlega áætlað um 1000 sjálfbóðaliða sem koma að stjórnun og öðrum störfum á hverju ári. Um 2000 iðkendum sem stunda heilsusamlegt lífni í formi íþróttæfinga hjá ÍR og alast upp við félagslega uppbyggilegar aðstæður er gríðarlegur fjársjóður fyrir Breiðholtið. Þúsund sjálfbóðaliðar ÍR sem tengjast og kynnast í gegnum ÍR starfið og mynda tengslanet um allt Breiðholtið er auðlegð sem er stórlega vanmetin. Þá má ekki horfa fram hjá því hvað það myndi kosta samfélagið ef greiða þyrfti laun fyrir alla þá vinnu sem sjálfbóðaliðarnir leggja fram fyrir félagið og um leið samfélagið. Því með öflugum og víðtækum starfi sínu er litið á ÍR sem eina af grunnstöðum nærsamfélagsins í Breiðholti með leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og félagsmiðstöðvum. Höldum áfram á sömu braut og eflum ÍR til að efla samfélagið í Breiðholti næstu 44 árin.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Silfurleikar ÍR í frjálsum í 19. sinn

Silfurleikar ÍR voru nú haldnir í 19. sinn en mótið er haldið í nóvember ár hvert og höfðar til aldurshópsins 17 ára og yngri. Þetta er eitt af fyrstu stóru mótunum á Íslandi á hverju hausti og kærkomin tilbreyting við eintómar æfingar því að sjálfsgöðu snúast frjálsíþróttir um meira en aðeins æfingar. Félaglegi þátturinn og ferðalög er einnig mjög mikilvægur hluti sem fáir vilja missa af.

Mótið var fyrst haldið árið 1996 og hét þá Haustleikar ÍR. 10 árum síðar var ákveðið að nefna mótið Silfurleika ÍR með tilvísun í silfurverðlaun Vilhjálms Einarssonar í þristökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu

50 árum áður. Það þótti líka við hæfi að gera keppni í þristökki sérlega hátt undir höfði á mótinu og hefur tekist vel til með það en góð þátttaka er í þristökki hjá báðum kynjum. Í fyrra var reynt nýtt keppnisfyrirkomulag í flokkum 10 ára og yngri sem féll greinilega í góðan jarðveg því metþátttaka var í svokallaðri þrautarbrautarkeppni þar sem 320 börn kepptu með bros á vör. Mótið þá var fjölmennasta þrautbrautarmót sem haldið hefur verið á Íslandi og þó víðar væri leitað.

Mikill fjöldi ungs frjálsíþróttafólks, sjálfbóðaliða og áhorfenda tók þátt í mótinu sem fór fram laugardaginn 15. nóvember.

segir

NEI VIÐ EINELTÍ

Einelti er ekkert grín, það er dauðans alvara

Svenbjörn Glaessen

Það er enginn sigurvegari í einelti

Einar Daði Láraðsson

Einelti og árangur fara aldrei saman

Ólafur Stefánsson

Einelti skilur eftir sig varanlegt ör á sálinni

Jóhanna Ingadóttir

Þú stækkar ekkert þó þú minnkir aðra

Ingimundur Ingimundarson



Heimasíða

www.ir.is



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

GEGGJAÐ TILBOÐ!

*Thin & Crispy eða Deep Pan pizza
og Coke*



Coke 0,5 l og pizza 498 kr.

Coke 1,0 l og pizza 548 kr.

Coke 2,0 l og pizza 598 kr.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland